

2016–2017

MYNDLIST
KENNSLUSKRÁ
BA NÁM



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Myndlistardeild

KENNSLUSKRÁ

BA nám
2016–2017

Myndlistardeild Listaháskóla Íslands

Laugarnesvegi 91
104 Reykjavík
s. 552 5020
lhi@lhi.is

www.lhi.is

Útgefandi Myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2016
Ritstjóri Ingibjörg Þórisdóttir
Prentvinnsla Oddi, umhverfisvottað fyrirtæki

FYRIRVARI

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um
ófyrirsjáanlegar og nauðsynlegar breytingar

EFNISYFIRLIT

Myndlistardeild	4
Námið	4
Þjónusta	6
Úr skólareglum 2015–2016	9
Nemendafélag	11
Handbók nemenda	12
Starfsfólk og kennarar í myndlistardeild	12
Umsjón verkstæða	13
Yfirlit námskeiða	14
Námskeiðslýsing	16
Mikilvægar dagsetningar 2016–2017	66

MYNDLISTARDEILD

UM DEILDINA

Hlutverk myndlistardeildar Listaháskóla Íslands er að vera leiðandi afl í myndlistarkennslu á háskólastigi. Myndlistardeild skapar gefandi og kraftmikið umhverfi þar sem nemendur geta öðlast þekkingu á sviði samtímamyndlistar og ræktað tengsl við myndlistarvettvanginn, innlandan sem alþjóðlegan.

Myndlistardeild er vettvangur kennslu, upplýsinga, rannsókna og umræðu um myndlist. Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum fjölbreytta möguleika fagsins og veita þeim inn-sýn í alþjóðlegt umhverfi samtímamyndlistar, sögu þess og samhengi. Með verklegri kennslu og fræðilegri nálgun er lagður grunnur að þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til að ná árangri við störf eða frekara nám á fagsviði myndlistar. Nemendur eru hvattir til að takast á við greinandi og skapandi myndhugsun og móta þeirra eigin listrænu sýn, þar sem innsæi, gagnrýnin hugsun og söguleg vitund eru höfð að leiðarljósi.

Á námstímanum geta nemendur valið um sérhæfingu innan helstu miðla og aðferða myndlistar svo sem skúlptúrs, málunar, prents, ljósmyndunar, vídeó, hljóðs, innsetninga eða gjörninga. Engar miðlatengdar brautir eru við deildina heldur er áhersla lögð á að nemendur kanni sjálfir fjölbreytta möguleika til listsköpunar, hvort sem er í tvívíðum eða þrívíðum miðlum, og öðlist færni í verklegri framkvæmd jafnt sem fræðilegri hugsun.

Markmið myndlistardeildar eru að:

- ▶ skapa nemendum aðstöðu til að auka þekkingu sína og skilning á samtímamyndlist,
- ▶ að móta gagnrýna meðvitund á sögu og kenningum fagsins þar sem forvitni, skilningur og áráði eru höfð að leiðarljósi,
- ▶ að nemendur geti þroskað og þróað með sér sjálfstæða myndhugsun sem miðar að því að þeir verði hæfari til að takast á við hlutverk sitt og stöðu sem myndlistarmenn,
- ▶ að nemendur geti starfað sjálfstætt sem myndlistarmenn í alþjóðlegum listheimi,
- ▶ að nemendur geti tekið þátt í sýningum, umræðum og uppbyggingu fagumhverfis myndlistar hér á landi og sótt um alþjóðlegar vinnustofur og starfsstyrki.

NÁMIÐ

Á fyrsta ári er áhersla lögð á að þróa myndmál og auka hugmyndaforða nemenda og kynna þeim liststefnur, aðferðir og tækni ólíkra miðla. Nemendur sækja margs konar námskeið á verkstæðum skólans, s.s. í ljósmyndun, tölvuvinnslu, vídeó, tré- og járnsmíði, mótun, málun, prentun o.fl. Á vörmisseri er gefinn kostur á fjölbreyttu vali sérhæfðra vinnustofa með ýmsum listamönnum. Í listfræði er lögð áhersla á alþjóðlega listasögu, akademísk skrif og sjónmenningu samtímans.

Á öðru ári er listsköpunarþáttur námsins í fyrirrúmi með áherslu á sjálfstæða vinnu. Nemendur sækja ráðgjöf til prófessora deildarinnar og utanaðkomandi listamanna. Á vormisseri er gefinn kostur á fjölbreyttu vali sérhæfðra vinnustofa með ýmsum listamönnum. Í listfræði er lögð áhersla á íslenska listasögu ásamt valáföngum um ýmis sérhæfð efni á sviði list- og hugmyndafræði.

Á þriðja ári stunda nemendur sjálfstætt nám undir handleiðslu leiðbeinenda sem lýkur með ritgerð og útskriftarverki sem sýnt er á opinberri útskriftarsýningu. Í listfræði er áhersla lögð á lokaritgerð til BA prófs en nemendum gefst einnig kostur á að velja valáfanga í fræðum. Að loknu námi og tilskildum verkefnum og prófum í deild hlýtur nemandi BA gráðu í myndlist.

Kennsla fer fram á námskeiðum, þar sem stuðst er við bæði hópleiðsögn og einkaleiðsögn, í fyrirlesturum, málstofum, umræðum og gagnrýni í smærri hópum auk tæknikennslu á verkstæðum deildarinnar sem eru mikilvægur vettvangur fyrir nemendur. Kennslu er skipt niður í mislöng námskeið allt frá einni viku til fimmtán vikna.

Fyrri hluta dags eru nemendur að öllu jöfnu í sjálfstæðri vinnu og sækja námskeið í listfræðigreinum eða í tækni og aðferðum. Eftir hádegi sækja nemendur vinnustofur. Þær eru starfsvettvangur nemenda og leiðbeinenda. Þar eru tekin fyrir margs konar verkefni sem tengjast listsköpun svo sem hugmyndavinna, rannsóknir, aðferðir/tækni og sjálfstæð vinna.

HEILDARHÆFNIVIÐMIÐ BA NÁMSBRAUTAR Í MYNDLIST

Nemandi býr yfir þekkingu innan listgreinar. Í því felst að nemandi:

- ▶ hafi öðlast almennan skilning á helstu kenningum og hugtökum myndlistar,
- ▶ hafi haldgóða vitneskju um samtímamyndlist,
- ▶ hafi skilning á tengslum listsköpunar og fræðilegrar þekkingar,
- ▶ þekki til mismunandi aðferða listrannsókna,
- ▶ þekki starfstengda þætti myndlistar, hlutverk listamannsins og virkni frumsköpunar í samfélagi,
- ▶ geri sér grein fyrir skörun myndlistar við önnur listform og fagsvið.

Nemandi getur beitt aðferðum og verklagi listgreinar. Í því felst að nemandi:

- ▶ geti notað viðeigandi aðferðir, tækja- og hugbúnað, við úrlausn verkefna á sviði myndlistar,
- ▶ geti nýtt sér upplýsingatekni á viðeigandi hátt,
- ▶ geti beitt jöfnum höndum innsæi og gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna á sviði myndlistar,
- ▶ geti lagt sjálfstætt mat á og rökstutt ákvarðanir á faglegum forsendum myndlistar,
- ▶ hafi tileinkað sér víðsýni, frumleika og áræðni í listhugsun og sköpun,
- ▶ sýna fram á gagnrýna nálgun við eigin listsköpun og annarra.

Nemandi geti hagnýtt þekkingu sína og leikni í starfi og/eða frekara námi. Í því felst að nemandi:

- ▶ hafi þróað með sér hæfni og ábyrg vinnubrögð fyrir frekara nám og/eða störf á fagsviðinu,
- ▶ geti unnið sjálfstætt, sett sér markmið, gert verkáætlun og fylgt henni að fullbúnu verki,
- ▶ geti tekið virkan þátt í samstarfi og leitt verkhópa,
- ▶ sé fær um að miðla eigin verkum, viðfangsefnum og rannsóknarniðurstöðum með skýrum hætti,
- ▶ sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra með skýrum hætti í rituðu og mæltu máli
- ▶ hafi skilning á áhrifum framsetningarforma á inntak og merkingu myndlistar,
- ▶ geti lagt mat á gildi frumsköpunar í samfélaginu.

SAMSTARF

Stór hluti náms við Listaháskólans byggir á þátttöku í listrænu starfi og hefur myndlistardeild fengið til liðs við sig ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem með einum eða öðrum hætti tengjast skólastarfinu: listasöfn, menningarmiðstöðvar, vinnustofur listamanna, gallerí, fyrirtæki og smiðjur. Meðal stofnana sem myndlistardeild hefur átt samstarf við má nefna: Hugvísinda-deild Háskóla Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Listasafn Íslands, Nýlistasafnið, Menningar-miðstöðina Skaftfell, Listahátíð í Reykjavík og Sequences myndlistarhátíð.

Myndlist samtímans er ekki eingöngu bundin við hið sjónræna heldur getur hún stuðst við nánast hvaða miðil sem er. Hún sækir óhikað í tónlist, ritlist, leiklist, dans, kvikmyndagerð og hönnun. Fyrir vikið er myndlistarheimurinn einskonar tilraunastofa þar sem nýjar aðferðir og hugmyndir eru kannaðar.

Listaháskólinn tekur einnig virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og er myndlistardeild aðili að tveimur viðamiklum samskiptaáætlunum, Nordplus, menntaáætlun Norðurlandaráðs og Erasmus/ Sókrates, menntaáætlun Evrópusambandsins. Báðar þessar áætlanir byggjast á kennara- og nemendaskiptum auk annarra samvinnuverkefna. Þátttaka myndlistardeildar í þessum áætlunum gerir nemendum kleift að stunda hluta af námi sínu við listaháskóla um víða veröld. Einnig gerir það nemendasamfélagið fjölbreyttara og ríkara að fjöldi erlendra skiptinema stundi nám við deildina á ári hverju.

Á vefsíðu skólans er að finna lista yfir samskiptaáætlanir og samstarfsskóla.

ÞJÓNUSTA

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Alþjóðaskrifstofa LHÍ leggur áherslu á að aðstoða nemendur við að sækja um sem skiptinem-ar í erlendum samstarfsskólum. Kynningarfundir eru haldnir reglulega í deildum skólans um tækifæri til skiptináms og starfsnáms, og möguleika á styrkjum. Ennfremur aðstoðar alþjóðaskrifstofa starfsfólk skólans við að undirbúa og sækja um styrki til starfsmanna- og kennaraskipta.

Alþjóðaskrifstofa Listaháskólans er staðsett á aðalskrifstofu skólans í Þverholti 11.

Viðtalstími alþjóðaskrifstofu er mánudaga – fimmtudaga frá kl. 09.00 – 16.00. Auk þess hefur alþjóðafulltrúi fasta viðveru í tónlistardeild fyrsta þriðjudag hvers mánaðar frá kl. 09.00 – 13.00 og í myndlistardeild fyrsta mánudag hvers mánaðar frá 12.00 – 16.00.

BÓKASAFN

Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands er sérfræðisafn á sviði þeirra listgreina sem kenndar eru við skólann og er safnið stærsta listbókasafn landsins.

Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og kennurum, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu, s.s. fræðibókum, tímaritum, myndefni, leikhandritum, hljómplötum, diskum og nótnabókum en ekki síður að efla upplýsingalæsi nemenda og kennara með því að leiðbeina um notkun safnsins og aðstoða við leit að upplýsingum í rafrænum gagnasöfnum og á vefnum.

Bókasafnið er staðsett í Laugarnesi, Sölvhólsgötu og Þverholti. Opnunartímar eru 08.30 – 16.00 í öllum húsum.

EFNISKAUP

Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér efni vegna náms í myndlistardeild. Hjá þjónustufulltrúa er þó mögulegt að kaupa á hagstæðum kjörum ýmislegt smálegt til fjölföldunar, ljósritunar og upptöku.

ÚTLÁN TÆKJA

Nemendum myndlistardeildar stendur til boða aðgangur að fjölbreyttum tækja- og verkfæra-kosti til vinnu sinnar og skráningar, þ.m.t. vídeoupptökuvélum, stafrænum ljósmyndavélum og filmuvélum, hljódupptökutækjum, skjávörpum, myndvörpum, rafmagnsverkfærum o.fl. Þjónustufulltrúi í Laugarnesi sér um lán á tækjum og verkfærum deildarinnar.

PRENTUN OG LJÓSRITUN

Nemendur fá á hverri önn úthlutað prent- og ljósritunarkvóta. Ef þeir fara umfram hann er hægt að kaupa viðbótarkvóta á aðalskrifstofu í Þverholti eða hjá þjónustufulltrúa í Laugarnesi. Upplýsingar um verð og staðsetningu prentara má finna á heimasíðu skólans.

NETÞJÓNUSTA

Í Listaháskólanum er þráðlaust net sem stendur öllum nemendum og gestum til boða. Við bókasafn í Laugarnesi eru einnig nettengdar almenningstölvur.

INNRI VEFUR OG NETFÖNG

Við innritun í LHÍ fá allir nemendur skólans úthlutað netfangi og lykilorði til notkunar á skólanetinu MySchool. Á MySchool geta nemendur nálgast upplýsingar um námið, ásamt því að skoða einkunnir sínar og námsferil. Nauðsynlegt er að tileinka sér notkun skólanetsins og uppfæra allar persónulegar upplýsingar jafnóðum. LHÍ netföng nemenda eru mikilvæg

boðleið milli skólans og nemenda sem nemendum ber að nota. Við inngang fyrir framan skrifstofu þjónustufulltrúa í Laugarnesi er tafla sem notuð er til að koma daglegum skilaboðum til nemenda. Einnig má finna ýmsar hagnýtar upplýsingar á heimasíðu skólans þar sem jafnframt eru birtar fréttir af viðburðum og málefnum líðandi stundar.

HÚSNÆÐI

Allir nemendur fá úthlutað nemendakorti sem jafnframt gengur sem lykill að skólanum, heimasvæðum nemenda og verkstæðum. Húsnæði skólans er opið frá kl. 08:00 til 16:00 virka daga, en eftir kl. 16:00 til 01:00 og um helgar þarf að nota kortið sem lykil með númerakóða sem nemendur fá einnig úthlutað. Frá kl. 01:00 til 08:00 er skólinn lokaður. Nemendur geta sótt um að vinna á vinnusvæði sínu á þeim tíma, en sækja þarf um það sérstaklega fyrir kl. 14.00 á skrifstofu þjónustufulltrúa. Ef nemendi glatar nemendakortinu sínu þarf hann að greiða kostnað við gerð nýs korts.

VERKSTÆÐI MYNDLISTARDEILDAR

Verkstæði myndlistardeildar eru mikilvægur kennslu- og þjónustuvettvangur fyrir nemendur skólans. Þar fer fram fjölbreytt kennsla, ásamt því að umsjónarmenn aðstoða nemendur við úrlausnir verkefna. Verkstæðin eru opin öllum nemendum deildarinnar sem lokið hafa tilteknum grunnnámskeiðum eða búa yfir nægjanlegri þekkingu til að vinna með tækin. Að grunnnámskeiðunum loknum er gerður samningur milli nemenda og skólans sem veitir nemendum rétt til sjálfstæðrar vinnu á verkstæðunum. Vegna sérhæfðrar aðstoðar þarf að bóka tíma fyrirfram hjá umsjónarmönnum verkstæða.

Á verkstæðisnámskeiðum fá nemendur kennslu og kynningu á þeim fjölbreyttu möguleikum sem verkstæðin hafa upp á að bjóða ásamt því að læra helstu reglur er varða umgengni og öryggi í notkun á tækjum og verkfærum skólans.

LJÓSMYND- OG MYNDVINNSLUVER

Í ljósmyndaveri er aðstoða fyrir nemendur til að vinna lit- og svart/hvítar myndir. Í myndvinnsluveri fer fram vinna með filmur, skönnun, stafræna myndvinnslu og útprentun. Í myndveri er aðstoða og tæki til ljósmyndunar og vídeóupptöku.

Umsjónarmaður: NN.

VIDÉÓVER

Í vídeóveri er aðstoða fyrir nemendur til að vinna með vídeó, hljóð og gagnvirka tækni. Í verinu eru tölvur með helstu forritum til mynd- og hljóðvinnslu. Verið er einnig vel útið tækjum sem nemendur geta fengið lánuð, s.s. vídeóupptökuvélum, hljóðupptökutækjum og skjávörpum.

Umsjónarmaður: Sigurður Guðjónsson

PRENTVERKSTÆÐI

Nemendur hafa aðgang að verkstæðinu til að útfæra hugmyndir sínar í prentmiðla. Verkstæðið er vel búið tækjum og áhöldum fyrir flestar prentaðferðir. Í tengslum við verkstæðið eru tæki og aðstaða til innrömmunar og bókagerðar.

Umsjónarmenn: Sigurður Atli Sigurðsson og Leifur Ýmir Eyjólfsson

TRÉVERKSTÆÐI

Í smiðjunni í Laugarnesi eru trésmíðaverkstæði þar sem nemendur geta þróa með sér tæknikunnáttu og verkþekkingu í smíði. Á trésmíðaverkstæðinu er aðstaða og tæki til að vinna flest verk í tré.

Umsjónarmenn: Oddur Vilhelm Guðmundsson og Unndór Egill Jónsson

MÁLMSMÍÐAVERKSTÆÐI

Á málmsmíðaverkstæði í Laugarnesi er aðstaða þar sem nemendur geta þróa með sér tæknikunnáttu og verkþekkingu í málmsmíði. Þar er aðstaða til almennrar vinnu við járn og aðra málma svo sem skurð, raf- og logsuðu.

Umsjónarmaður: Guðbjartur Þór Sævarsson

MÓTUNAR- OG GIPSVERKSTÆÐI

Á mótunar- og gipsverkstæði í Laugarnesi er aðstaða fyrir vinnu við gips, keramik, leir og önnur efni sem notuð eru til mótunar- og afsteypu. Einnig er þar leirbrennsluofn.

Umsjónarmaður: Ragnhildur Stefánsdóttir

ÚR SKÓLAREGLUM 2015–2016

Heildarreglur má finna á vefsíðu Listaháskólans.

Endurinnritun, mat á fyrra námi og fyrning eininga

Fyrirverandi nemandi sem ekki hefur lokið námi getur sótt um að hefja nám við skólann að nýju og fær metin þau námskeið sem áður var lokið séu minna en fimm ár liðin frá síðustu innritun. Ef liðið hafa fleiri en fimm ár frá námi þarf að sækja sérstaklega um mat á fyrra námi og er þá tekið tillit til gildandi kennsluskrár hverju sinni. Einingar fyrnast séu fleiri en níu ár liðin frá því nemandi hætti námi. Nemendur sem óska eftir að fá metnar einingar úr öðrum háskólum skulu sækja um það og skila inn viðeigandi gögnum strax í upphafi náms. Listaháskólinn getur þannig metið nám á bakkalárstigi frá öðrum háskólum til allt að 60 eininga. (17.gr.)

Skólaár, kennslumisseri og brautskráning

Skólaárið telst frá 1. ágúst til 31. júlí. Kennsluár skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Á kennslumisseri skulu eigi vera færri en 15 kennsluvikur, próf og leyfi koma þar til viðbótar. Vorútskrift Listaháskólans fer fram í júní. Nemendur þurfa að skrá sig fyrir 15. mars.

Nemendur sem ekki hafa náð tilskildum einingafjölda til að útskrifast að vori geta sótt um brautskráningu að hausti eða miðjum vetri. Sækja þarf um haustútskrift eigi síðar en 1. september og eigi síðar en 15. desember fyrir vetrarútskrift. (18.gr.)

Einingafjöldi og framvinda náms

Við skipulag náms við Listaháskólann er miðað við að ein eining (ECTS) jafngildi 25–30 klukkustundum í vinnu fyrir nemandann. Miðað er við að nemandi ljúki að jafnaði 60 einingum á námsári, eða sem nemur 30 einingum á misseri. Nemandi er ábyrgur fyrir framvindu eigin náms innan skipulagsramma skólans. (19. gr.)

Fjarvera úr prófi

Ef nemandi er fjarverandi úr prófi og boðar ekki forföll er litið svo á að hann hafi þreytt prófið. Nemandi á í því tilfelli ekki kröfu um endurtökupróf. (21. gr.)

Endurtekning á prófi eða verkefni

Standist nemandi ekki próf eða fellur í verkefni er honum heimilt að endurtaka það. Nemandi á eingöngu rétt á endurtöku hafi hann uppfyllt mætingarskyldu. Nemandi þarf að sækja um endurtöku eigi síðar en fimm dögum eftir birtingu einkunna. Verði endurtekningu prófs ekki komið við getur deildarforseti ákveðið um sambærilegt verkefni. Standist nemandi ekki endurtökupróf eða fyrirlagt sérverkefni verður hann að þreyta námskeiðið að nýju. Hafi nemandi staðist próf/verkefni getur hann óskað eftir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að fá að endurtaka prófið/verkefnið. Heimili deildarforseti endurtöku skal hún fara fram í næsta skipti sem viðkomandi próf er haldið eða verkefni sett fyrir. Seinni einkunnin skal gilda. (21. gr.)

Sjúkrapróf/verkefni

Sjúkrapróf /verkefni skulu haldin vegna haustmisseris eigi síðar en 15. janúar og vegna vor-misseris eigi síðar en 1. júní.

Skuldbinding nemandans og úrsögn úr námskeiði

Þegar nemandi er skráður í námskeið er hann jafnframt skráður í próf eða er bundinn skiladögum fyrir verkefni ef námsmatinu er þannig háttað. Með úrsögn úr námskeiði er nemandi þar með leystur undan þeim kröfum er varða námsmatið. Úrsögn úr námskeiði verður að tilkynna skriflega til deildarfulltrúa innan frests sem nemur þriðjungi af heildartímalengd viðkomandi námskeiðs. (22.gr.)

Veikindi

Nemandi, sem vegna veikinda mætir ekki til prófs eða getur ekki lagt fram tilskilið verkefni til mats, innan þess frests sem gefinn er, skal tilkynna forföll áður en prófið hefst eða frestur rennur út. Læknisvottorði skal skilað á skrifstofu skólans til staðfestingar eigi síðar en þremur dögum eftir að próf var haldið eða skilafrestur rann út, annars telst nemandi hafa þreytt

prófið eða tekið þátt í verkefnaskilum. Með læknisvottorði ávinnur nemandi sér rétt til sjúkra-prófs, svo framarlega sem mæting hafi verið fullnægjandi í námskeiðinu. (22.gr.)

Námshlé

Nemendur geta tekið sér námshlé innan þess ramma sem reglur skólans setja um framvindu náms. Nemendur þurfa að tilkynna um námshlé á þar til gerðum eyðublöðum eigi síðar en 1. október vegna náms á haustmisseri og fyrir 1. febrúar vegna náms á vormisseri. Námshlé getur að hámarki verið eitt ár og þarf að rúmast innan þess ramma sem skólinn setur, sbr. 22. gr.

Meðferð mála frá nemendum

Ef nemandi telur sig vera beittan órétti getur hann beint máli sínu í eftirfarandi farveg: Nemandi snýr sér til viðkomandi kennara, fagstjóra, deildarforseta eða námsráðgjafa sem taka málið til umfjöllunar og leita lausna á því.

Uni nemandi ekki þeirri lausn skal hann senda skriflegt erindi ásamt rökstuðningi til rektors. Rektor fer yfir málið, tekur ákvörðun og nemandi fær skriflegt svar þar sem niðurstaða málsins er rökstudd. Ef nemandi sættir sig ekki við ákvörðun rektors getur hann áfrýjað til úrskurðarnefndar í réttindamálum nemenda. Úrskurðarnefnd fjallar þó ekki um einkunnir (sjá starfsreglur úrskurðarnefndar). Um ábyrgð og fyrirkomulag námsmats er vísað í 21. gr. (28. gr.)

Brot á lögum eða reglum skólans

Hafi nemandi gerst sekur um brot á lögum eða reglum skólans eða að framkoma hans gagnvart starfsmönnum eða öðrum nemendum er álitin ósæmileg eða óhæfileg getur rektor og/ eða viðkomandi deildarforseti veitt honum skriflega áminningu. Sé um að ræða brot sem talið er alvarlegt og stríðir gegn grundvallarforsendum starfseminnar getur rektor vikið viðkomandi nemanda úr skóla tímabundið

NEMENDAFÉLAG

Félag myndlistarnema við LHÍ er hagsmunafélag fyrir nemendur deildarinnar og stendur fyrir ýmsum uppákomum og skemmtunum yfir veturinn. Áherslan er lögð á að auka samskipti milli árganga deildarinnar og samskipti nemenda í öllum deildum og bæta þannig félagslíf skólans. Fulltrúar nemendafélagsins eru einnig mikilvæg rödd í skólalífinu og málsvarar nemenda deildarinnar á vettvangi fagráðs skólans, svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar um hverjir sitja á stjórn félagsins hverju sinni má finna í Handbók nemenda á heimasíðu skólans.

Nemendaráð

Nemendaráð er samráðsvettvangur nemendafélaga við skólann og tengiliður nemendafélaganna við stjórnendur skólans. Nemendaráð er skipað formönnum nemendafélaga frá fimm deildum skólans. Nemendaráð tilnefnir fulltrúa nemenda í nefndir og ráð skólans.

HANDBÓK NEMENDA

Fleiri hagnýtar upplýsingar má finna í handbók nemenda á vef skólans. Þ.á.m. umgengnisreglur, trúnaðar og réttindamál o.fl.

STARFSFÓLK OG KENNARAR Í MYNDLISTARDEILD

Sigrún Inga Hrólfsdóttir
Deildarforseti myndlistardeildar
sigrunhrolfsdottir@lhi.is

NN Fagstjóri MA náms
Prófessor
NN

Hekla Dögg Jónsdóttir
Prófessor
hekladogg@lhi.is

Aðalheiður L. Guðmundsdóttir
Fagstjóri fræðigreina
Aðjúnkt
alg@lhi.is

Jóhannes Dagsson
Aðjúnkt fræðigreina
johannesdags@lhi.is

Helga Krístrún Hjálmarsdóttir
Deildarfulltrúi
helgakristrun@lhi.is
sími: 520 2417

Ásdís Spanó
Verkefnisstjóri
asdisspano@lhi.is
sími: 520 2419

Lísa Guðjónsdóttir
Þjónustufulltrúi
lisa@lhi.is
sími: 520 2400

Óskar Kristinn Vignisson
Þjónustufulltrúi
oskar@lhi.is
sími: 520 2400

UMSJÓN VERKSTÆÐA

Jóhann Torfason
Aðjúnt og forstöðumaður verkstæða
joi@lhi.is

Leifur Ýmir Eyjólfsson
Umsjón á prentverkstæði
NN

Sigurður Atli Sigurðsson
Umsjón á prentverkstæði
NN

Gulleik Løvskar
Aðjúnt og umsjón á smíðaverkstæði (Í leyfi)
gulleik@lhi.is

Oddur Vilhelm Guðmundsson
Umsjón á smíðaverkstæði
oddurw@lhi.is

Unndór Egill Jónsson
Umsjón á smíðaverkstæði
NN

Guðbjartur Þór Sævarsson
Umsjón á málmverkstæði
gudbjartur@lhi.is

NN
Aðjúnt og umsjón í ljósmyndaveri

Sigurður Guðjónsson
Aðjúnt og umsjón í vídeóveri
sigurður@lhi.is

Ragnhildur Stefánsdóttir
Aðjúnt og umsjón á mótunarverkstæði
raggastefans@lhi.is

YFIRLIT NÁMSKEIÐA

Haust 2016

Fræði

Akademísk skrif
Arkitektúr breytir heiminum
Art and Identity
Íslensk myndlist 1870–1970
Módernismi í myndlist
Sjálfsmyndir, kyngervi og samfélag
Sjónarhorn kynjafræða í myndlist
Skapandi skrif
Skrif listamanna
Snertifletir vísinda og myndlistar

Vinnustofur

Flötur
Leiðir og úrvinnsla
Málstofa lokaritgerðar til BA gráðu í myndlist
Möppugerð og myndvinnsla
Rými
Samræður
Tilgátuflötur
Tilgáturými
Tilgátutími
Tími
Tækninámskeið
Vinnustofur 3 árs – Sýningar
Vinnustofur 3 árs – Texti
Vinnustofur 3 árs – Vinnuferli

Vor 2017

Fræði

Alþjóðleg myndlist frá 1970 til samtíma

Art and Identity

BA Lokaritgerð

Einkasöfnun á Íslandi á 20. og 21. öld: Saga, áhrif og samhengi

Eros – myndlíkingar ástarinnar í sögu listarinnar

Fleygar

Frá póstmóðernisma til altermóðernisma og eftirframleiðslu

Hending, ósjálfrátt, endurtekning, regla

Íslensk myndlist í samtíð

Sjónmenning samtímans

Sýningagerð og sýningastjórnun

Valnámskeið

Vinnustofur

Fleygar

Greinargerð

Heildarlist

List og samfélagslegt rými

Málað út fyrir flötinn

Málun

Málverk, teikning og túlkun

Mótun

Myrkraherbergi

Samræður

Samtal

Sjálfstæð vinna I

Tími og tungumál

Undirbúningur og skissuvinna vídeóverka

Uppgjör fyrsta árs

Útskriftarverkefni

Videó sem listmiðill

Vinnustofa 2 árs

Þrívíð miðlun

MYNDLISTARDEILD 2016–2017

BA-nám (180 ein)

Haustönn	1. Ár	Ein.	
Skylda: Vinnustofur	Leiðir og úrvinnsla	10	Valnámskeið: nemendur velja eina af þremur vinnustofum
	Indesign	2	
	Samræður	2	Skylda: Vinnustofur
	Verkstæði: smíði/ prent/ video/ mótun/ ljósmyndun	6	
Skylda: Fræði	Móðernismi í myndlist	8	Skylda: Fræði
	Akademísk skrif	2	
	Einingar vinnustofur	20	
	Einingar fræði	10	
	Einingar alls	30	
Vorönn	1. Ár	Ein.	
Lota 1. Val: nemendur velja eina af þremur vinnustofum	Mótun	2	Skylda: fyrir alla nemendur á öðru ári í LHÍ
	Prent		
	Video		
	Málun		
Lota 2. Val: nemendur velja eina af fjórum vinnustofum	Vinnust 1	7	Val: nemendur velja eina af fjórum vinnustofum
	Vinnust 2		
	Vinnust 3		
	Vinnust 4		
Lota 3. Val: nemendur velja eina af fjórum vinnustofum	Vinnust 5	7	Vinnustofa 2. ár. Nemendur velja tvo fleyga
	Vinnust 6		
	Vinnust 7		Skylda: vinnustofur
	Vinnust 8		
Skylda: vinnustofur	Uppjör	4	Val:
	Samræður	2	
Skylda: Fræði	Alþjóðleg myndlist frá 1970	4	
	Sjónmenning samtímans	4	
Val: Fræði			
	Einingar vinnustofur	22	
	Einingar fræði	8	
	Einingar alls	30	

Einingar fræði	52
Einingar vinnustofur	128

2. Ár	Ein		3. Ár	Ein
Flötur	18	Skylda: Vinnustofur	Vinnustofa – texti	6
Rými			Vinnustofa – vinnuferli	6
Tími			Vinnustofa – sýningar	6
Samræður	2		Samræður	2
Íslensk myndlist	8	Skylda: Fræði	Málstofa BA lokaritgerðar	0
Tilgátu/flötur/tími/rými	2	Val: Fræði		10
Einingar vinnustofur	20		Einingar vinnustofur	20
Einingar fræði	10		Einingar fræði	10
Einingar alls	30		Alls Einingar	30
2. Ár	Ein		3. Ár	Ein
Samtal	2	Skylda: vinnustofur	Lokaverkefni	16
			Starfsumhverfi myndlistar	4
			Samræður	2
Vinnust 1	7	Skylda: Fræði	Útskriftarverkefni – Greining	2
Vinnust 2			Lokaritgerð	6
Vinnust 3				
Vinnust 4				
Fleygur 2				
Fleygur 3				
Fleygur 4				
Samræður	2			
Fræði	8			
Einingar vinnustofur	22		Einingar vinnustofur	24
Einingar fræði	8		Einingar fræði	6
Alls Einingar	30		Alls Einingar	30

NÁMSKEIÐSLÝSING

Akademísk skrif

ASK0002MFS

2 ECTS – fræði

Haust – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu eru kynnt grundvallarvinnubrögð er varða skipulagningu sjálfstæðrar vinnu í háskólanámi og akademísk vinnubrögð. Farið verður yfir ferlið frá hugmynd til framkvæmdar í ritgerðarsmíðum, þ.e. mótun rannsóknarspurninga, heimildaleit, heimildamat og úrvinnslu. Sérstök áhersla er lögð á að kynna vinnubrögð við skrif og frágang ritgerða, verkefna og erinda. Fjallað verður um tengsl fræða og myndlistar og gildi þess að hugsa á gagnrýninn hátt og setja skoðanir sínar skipulega fram.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu og skilning á akademískum vinnubrögðum,
- ▶ geta beitt gagnrýnni hugsun við val og greiningu viðfangsefna,
- ▶ geta rökstutt hugmyndir sínar og sett þær skipulega fram í töluðu og rituðu máli,
- ▶ geta stundað vandaða heimildaleit og úrvinnslu á heimildum,
- ▶ hafa tamið sér góðan frágang ritgerða, verkefna og erinda,
- ▶ hafa öðlast hæfni til að stunda sjálfstæða vinnu og frekara háskólanám.

Námsmat: Skrifleg verkefni, hópverkefni, ritgerðir og erindi

Umsjón: NN

Alþjóðleg myndlist frá 1970 til samtíma

LIS2134Ms

4 ECTS – fræði

Vor – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu er farið yfir þróun alþjóðlegrar samtímamyndlistar frá árinu 1970 til okkar tíma. Leitast er við að varpa ljósi á framvindu þessa tímabils, helstu stefnur, hreyfingar, einstaklinga og hugmyndir sem einkennt hafa tímabilið. Lögð er áhersla á að kynna þá nýju miðla og aðferðir sem fram komu á þessum tíma; umhverfislist hvers konar og innsetningar; gjörninga og uppákomur; op- og hreyfist; skjá- og myndbandalist; hugmyndalist og ljósmyndalist. Einnig er reynt að bregða ljósi á þjóðfélagslegt samhengi hvers tíma, þ.e. er varðar stjórnsmál, efnahag og samfélag.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skýra yfirsýn og þekkingu á helstu stefnum, hreyfingum, verkum og listamönnum sem voru áberandi á tímabilinu,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á mikilvægi hinna nýju miðla í listsköpun sem fram komu á síðast liðnum áratugum,
- ▶ geta greint samfélagslegan og pólitískan bakgrunn samtímamyndlistar og áttað sig á hlutverki hennar í alþjóðlegu menningarsamhengi,
- ▶ geta beitt helstu hugtökum og fræðikenningum um myndlist sem fram komu á tímabilinu í greiningu á verkum myndlistarmanna og starfsumhverfi þeirra,
- ▶ geta aflað sér heimilda á sjálfstæðan hátt og fjallað gagnrýnið um efni námskeiðsins,
- ▶ dregið sjálfstæðar ályktanir og rökstutt skoðanir sínar með vísun í hugsun og verk fræðis- og listamanna.

Námsmat: Skrifleg verkefni, myndverk og próf

Umsjón: Jón B.K. Ransú

Kennarar: Halldór Björn Runólfsson og Jón B.K. Ransú

Arkitektúr breytir heiminum

ABH2004MV

4 ECTS – fræði

Haust – val fyrir annað, þriðja ár BA og MA

Samkennt með HÍ

Lýsing

Byggingarlistin hefur þá eiginleika að gefa og þiggja. Hún veitir svigrúm og umgjörð til aðgerða en verður líka fyrir áhrifum frá öðrum sviðum þjóðfélagsins. Arkitektúr er þverfagleg listgrein sem leitar sífellt meira á önnur mið til að koma til móts við félagsleg, fagurfræðileg, menningarleg og umhverfisvæn sjónarmið. Í námskeiðinu verður sjónum beint að samfélagsmætti byggingalistar og hönnunar á alþjóðlegum vettvangi og á Íslandi. Í því samhengi verður fjallað um arkitektúr borgarinnar út frá neyslu, framleiðslu og tækniáferðum, vistfræði og manneskjulegum sjónarmiðum. Verk þeirra Constant Anton Nieuwenhuys, Rem Koolhaas, Diller Scofidio, Shigero Ban, Batlle & Roig, Andrés Jacque, Studio Granda, Manfreds Vilhjálmssonar, og fl. verða rædd frá fagurfræðilegu sjónarhorni, en um leið höfð til hliðsjónar sem dæmi um gagnrýna hugsun og lausnir um byggt form í fjölþættu umhverfi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast sérhæfða þekkingu á áhrifavaldi arkitektúrs og hvaða þættir ýta undir breytingar.
- ▶ geta rætt í máli og riti um hvernig arkitektúr mótar samfélagið og býr til sviðsetningar fyrir ákveðnar athafnir manneskjunnar.
- ▶ geta rökstutt dæmi um arkitektúr sem hefur breytt heiminum í íslensku umhverfi.

Námsmat: Þátttaka, virkni, verkefnaskil

Umsjón: Halldóra Arnardóttir

Art and Identity

AAI1134M

4 ECTS – fræði

Autumn and spring – mandatory for exchange students

Description

The arts play a large role in creating both a cultural and national identity. It has been stated that art is a reflection of the identity of an individual or a society. The module seeks to ask whether that is in fact the case and if the arts can and/or should be used to construct or reconstruct a notion of the individual, society, or nation?

During the module students visit the National Museum of Iceland twice and attend lectures from the Departments of Theatre and Dance, Music, Fine Arts and Design and Architecture that approach the topic in various ways. Students also attend artistic productions of their own choice on which they base their assignments upon.

Learning outcomes

At the end of the course students should:

- ▶ have an insight into how the arts have been used in creating a cultural and national identity in Iceland,
- ▶ have knowledge of selected artists and designers,
- ▶ have an understanding of selected artistic productions in a cultural and national context,
- ▶ be able to communicate their thoughts on an artistic production both in written form and orally,
- ▶ be able to analyse an artistic production on the grounds of the material in the module.

Assessment: Projects, seminars and participation.

Supervisor: Department of Performing Arts, autumn semester / NN, spring semester

Teacher: NN

BA Lokaritgerð

BAM1134Ms3

4 ECTS – fræði

Vor – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Lokaritgerð til bakkalárgráðu við Listaháskóla Íslands er ætlað að styrkja fræðilegan grunn nemenda og auka færni þeirra til að greina og fjalla um eigin verk og listhugsun í fræðilegu samhengi. Nemendur eiga að gera grein fyrir listhugsun sinni, samhenginu í verkum sínum, gjarnan með hliðsjón af nýjustu verkum og áætluðu lokaverki, listrænum bakgrunni og/eða listsögulega samhengi, hugmyndaheimi og/eða persónulegri sýn. Í ritgerðinni á að endurspeglast kunnáttá nemenda í að beita kenningum og fræðilegum hugtökum, auk þess að fjalla um myndlist á gagnrýnin hátt, ýmist út frá fagurfræðilegum, samfélagslegum, lista-sögulegum, menningarlegum eða siðferðislegum forsendum. Markmið lokaritgerðar er að auka færni nemenda til að fjalla um eigin verk og skerpa sýn þeirra á sjálfa sig sem listamenn.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað um myndlist á skipulagðan, gagnrýninn og ábyrgan hátt,
- ▶ geta varpað ljósi á eigin skilning á listsköpunarstarfi sínu, inntaki þess og samhengi,
- ▶ geta gert grein fyrir listhugsun sinni með hliðsjón af nýjustu verkum og/eða áætluðu lokaverki, listrænum bakgrunni og/eða listsögulegu samhengi, hugmyndaheimi og/eða persónulegri sýn,
- ▶ geta beitt fræðilegum hugtökum og kenningum í tengslum við greiningu á eigin listhugsun og verkum jafnt sem annarra listamanna,
- ▶ kunna til verka hvað varðar heimildaleit, heimildanotkun og vandaða framsetningu fræðiskrifa í ritgerðarformi,
- ▶ hafa tileinkað sér hæfni til að vinna með fræðimönnum í tengslum við greiningu á eigin verkum og listhugsun,
- ▶ hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð til að geta stundað framhaldsnám í myndlist.

Námsmat: Fræðileg vinnubrögð, vinnuferli, inntak, uppbygging og frágangur lokaritgerðar.

Umsjónakennari: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir

Kennarar: Ýmsir

Einkasöfnun á Íslandi á 20. og 21. öld: Saga, áhrif og samhengi

ESÍ2004MV

4 ECTS – fræði

Vor – val fyrir annað og þriðja ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Í námskeiðinu verður fjallað um einkasöfn með áherslu á listaverkasöfnun á Íslandi á 20. og 21. öld. Fjallað verður um velgjörðamenn svokallaða á borð við Jón Þorsteinsson íþróttakennara, Ragnar Jónsson í Smára, Sverri Sigurðsson og Ingibjörgu Guðmundsdóttur, og Þorvald Guðmundsson í Síld og fisk. Litið verður á stór einkasöfn samtímalistar á Íslandi, þ.á.m. SAFN, einkasafn Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Listaverkasöfnun á Íslandi verður sett í samhengi við söfnun erlendis og áhrif einkasöfnunar á þróun listumhverfis og listmarkaða verða skoðuð. Vakin verður athygli á nánnum tengslum einkasafna og opinberra safneigna á Íslandi og erlendis og sjónum beint að því opinbera hlutverki sem mörg einkasöfn gegna. Leitast verður við að varpa ljósi á þau áhrif sem einkasafnari getur haft í listsögulegu samhengi. Rýnt verður í ástæður söfnunar og í því samhengi verður m.a. litið til hugmynda franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu um menningarauðmagn og listskilning.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til helstu velgjörðamanna og einkasafnara á Íslandi á 20. og 21. öld,
- ▶ hafa öðlast innsýn inn í þau áhrif sem einkasafnari getur haft í listsögulegu samhengi sem og þau áhrif sem einkasöfnun hefur á listmarkað og umhverfi lista á Íslandi og erlendis,
- ▶ þekkja til stórra erlendra listaverkasafna í einkaeigu og hafa skilning á þeim tengslum sem eru milli einkasafna og opinberra safneigna,
- ▶ þekkja til helstu ástæðna söfnunar og geta sett í fræðilegt samhengi.

Námsmat: Verkefni, umræður og ritgerð

Umsjónarkennari: Edda Halldórsdóttir

Kennarar: NN

Eros – myndlíkingar ástarinnar í sögu listarinnar

ERO1134Mv

4 ECTS – fræði

Vor – val fyrir öll ár

Lýsing

Á námskeiðinu verður brugðið ljósi á afmarkaðan þátt listasögunnar í ljósi sögu hugmyndanna um Eros. Stuðst verður við fræðilega texta frá ólíkum tímum eftir Platon, Erwin Panofsky, Edgar Wind, Loan P. Couliano, Jean-Pierre Vernant, Michel Foucault, Karl Kerényi, einnig kviður Hómer, gríska harmleiki o.fl. og leitast við að nota textana til að varpa ljósi á myndlíkingar ástarinnar í sögu listarinnar sem spannar ekki bara sögulegan tíma og landfræðilegt rými, heldur líka goðsögulegt rými allt frá hæstu hæðum himinfestingarinnar til hins dýpsta myrkurs undirheimanna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á merkingu Erosar í sögu hugmyndanna og listanna,
- ▶ geta metið merkingu Erosar í myndlist ólíkra tímasteiða allt frá forngrískum tíma til miðalda, endurreisnar og barokktímans, og geta greint þá sögu í ljósi samtímans,
- ▶ kunna skil á galdramætti Erosar í ljósi goðsögunnar, trúarinnar og listarinnar,
- ▶ geta borið saman sögu hugmyndanna og sögu listarinnar,
- ▶ geta sett eigin viðfangsefni í listsköpun í gagnrýnið og skapandi samhengi við sögu hugmyndanna og listanna.

Námsmat: Verkefni, umræður og ritgerð

Umsjónarkennari: Ólafur Gíslason

Kennarar: NN

Fleygar

1 – 2 ECTS – fræði / vinnustofa

Vor – val fyrir öll ár

Fleygar eru stutt námskeið um sérhæfð verkefni á sviði tækni, fræðigreina og listsköpunar sem geta komið til með styttri fyrirvara. Oft er um að ræða fjölþætt námskeið og verkefni sem unnin eru í samvinnu við utanaðkomandi aðila, jafnt innlenda sem erlenda. Námskeiðin eru hugsuð sem vettvangur fyrir nemendur til að kynnast ólíkum viðhorfum, mismunandi hugmyndum og áherslum innan myndlistar, ásamt því að bjóða upp á tengingu milli skóla- og fagumhverfis. Einingavægi námskeiðanna er misjafnt og fer það m.a. eftir lengd þeirra, inn-taki og námskröfum hvernig þau eru metin. Ný námskeið eru auglýst á skólanetinu MySchool.

Flötur

FLÖ9018Mv2

18 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir annað ár

Lýsing

Á námskeiðinu er unnið að gerð tvívíðra myndverka með áherslu á miðil málverksins í sem víðustum skilningi. Skoðuð er margvísleg nálgun við gerð tvívíðra verka, allt frá teikningu, ljósmyndun og prenti til málverkainnsetninga. Kynntar eru fjölbreyttar tækniáðferðir og unnið með hefðbundin sem óhefðbundnari efni. Fjallað er um málverkið í sögulegu samhengi og rýnt í eigindi miðilsins og möguleika hans í samhengi samtímamyndlistar. Unnið er jafnhliða að tæknilegum og hugmyndaeggum útfærslum og eru nemendur hvattir til að gera tilraunir með ólík efnistöð, viðhorf og áðferðir. Rík krafa er gerð um sjálfstæð vinnubrögð og persónulega dýpkun hugðarefna nemandans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér færni í grunnaðferðum, handverki og tækni við gerð tvívíðra verka,
- ▶ vera meðvitaðir um sögulegt samhengi tvívíðra miðla,
- ▶ hafa öðlast skilning á helstu grunnþáttum og virkni tvívíðra miðla í samtímanum,
- ▶ búa yfir þekkingu á fjölbreytilegum möguleikum tvívíðra miðla, með sérstakri áherslu á
- ▶ málverkið, hafa eftt með sér gagnrýna og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka og góðan skilning á myndhugsun sinni og listsköpunarferli.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, verkefni og heildstætt sjálfstætt lokaverk til sameiginlegrar yfirferðar

Umsjónarkennari: NN

Frá póstmódernisma til altermódernisma og eftirframleiðslu

PAE2004MV

4 ECTS – fræði

Vor – val fyrir öll ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um upphaf póstmódernismans um miðjan 8. áratug 20. aldar og þær breytingar sem urðu á orðræðu innan listheimsins í kjölfar hans og fram til dagsins í dag. Tímabilið einkennist af fjölradda breytingum sem hafa haft áhrif á myndlist, samfélagsrýni, fræðistörf, rannsóknir, sjálfsvitund listamanna, kvennabaráttu, réttindi og sýnileika listar eftir hinsegin listamenn og sýnileika listamanna utan vestrænnar menningar. Þær heimspekilegu hugmyndir sem þarna lágu að baki verða skoðaðar út frá hugmyndum um afbyggingu og uppgjör við móðernismann, um skipan þekkingar, arkitektúrs og myndlistar. Hugmyndir og kenningar fræðimanna á borð við Foucault, Derrida, Baudrillard, Bourdieu og Bourriaud mynda fræðilegan grunn námskeiðsins. Viðfangsefni námskeiðsins er skoðað í fjölbjóðlegu samhengi myndlistar og menningar með móðernismann í baksýnispeglinum.

Hæfniviðmið

Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu kenningum póstmódernismans,
- ▶ kunna skil á helstu áhrifum sem kenningar póstmódernismans hafa haft á vettvang sam-tímamyndlistar,
- ▶ vera færir um að setja fram í ræðu og riti rökstudda skoðun á efni námskeiðsins,
- ▶ vera færir um að leita sér frekari þekkingar á viðfangsefni námskeiðsins,
- ▶ geta sett eigin samtíma í samhengi við umfjöllunarefni námskeiðsins.

Námsmat: Skrifleg verkefni

Umsjónarkennari: Magnús Gestsson

Kennari: Magnús Gestsson

Greinargerð

GRE1002MS

2 ECTS – fræði

Vor – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Nemendur gera grein fyrir lokaverkefni sínu með rituðum texta og ljósmyndum þar sem upplýsingar um persónulega sýn nemenda um framvindu og niðurstöður verksins er gerð

góð skil. Markmið með greinargerðinni er að auka færni nemenda til að fjalla um eigin verk og skerpa sýn þeirra á vinnuferlinu og lokaniðurstöðu verksins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta varpað ljósi á eigin skilning á framvindu lokaverkefnisins, inntaki þess og samhengi,
- ▶ skilja möguleika texta og ljósmynda í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ hafi tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð til að geta gert grein fyrir listhugsun sinni í máli og myndum.

Námsmat: Vinnuferli, inntak, uppbygging og frágangur greinargerðar
Umsjónakennari: Viðkomandi prófessor

Heildarlist

TOT2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta og annað ár

Lýsing

Námskeiðið hefur útgangspunkt í hugtakinu „Gesamtkunstwerk“ eða „Total Art“. Skoðaðar eru ólíkar birtingarmyndir hugtaksins, allt frá uppruna þess í skrifum Richards Wagner frá 1849 um óperuna, til ólíkra viðfanga listamanna á 20. öldinni og til yngri listamanna í samtímanum. Í námskeiðinu er fjallað um tengsl lífs og listar og samruni margs konar listforma sem skapa heildræna virkni í hugmyndafræði og upplifun listaverksins. Nemendur eru hvattir til að vinna með ólíka miðla og listform í rýmistengdu samhengi. Áhersla er lögð á að nemendur þrói eigin hugmyndir, vinni úr þeim og finni þeim framsetningu og efnistöð sem þeim hentar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á samtímanum ólíkra listforma og miðla í útfærslu eigin verka,
- ▶ hafa skilning á þróun hugmyndaevinnu og framsetningu eigin verka,
- ▶ hafa eftir gagnrýna vitund og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka,
- ▶ hafa þjálfað tæknilega kunnáttu og skilning á efnislegri útfærslu.

Námsmat: Ástundun, vinnuferli, þátttaka og verkefnaskil
Umsjónarkennari: NN

Hending, ósjálfrátt, endurtekning, regla

MM-F1004MV

4 ECTS – fræði

Kennt á ensku

Vor – Val fyrir MA, einnig í boði fyrir 3 ár BA

Lýsing

Eðli og hlutverk hinnar skapandi aðgerðar var til skoðunar hjá listamönnum sem og listfræðingum og listheimspekingum meginpart 20. aldar. Hending, hið ósjálfráða og ólíkar hugmyndir um endurtekningu og þjálfun má skoða sem eitt af leiðarstefum í hugmyndum, skrifum og kenningum um list og listsköpun undanfarinna tveggja alda í það minnsta. Í námskeiðinu eru þessi hugtök og hugmyndir þeim tengdar tekin til skoðunar og sett í samhengi. Sérstök áhersla er lögð á sköpunarferlið, siðferðilegar spurningar, hugmyndir um dauða höfundarins og endurskoðun á hlutverki og eðli hinnar skapandi aðgerðar. Áfanginn er kenndur sem málstofa og krefst þátttöku nemenda. Lesefnið í áfanganum er valið úr bókmenntatextum og skrifum listamanna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa staðgóða þekkingu á helstu hugmyndum og hugtökum sem tengjast hendingu, hinu ósjálfráða, endurtekningu og reglu í samhengi myndlistar,
- ▶ geta myndað sér vel ígrundaða og rökstudda skoðun á viðfangsefni áfangans,
- ▶ vera fær um að setja fram í ræðu og riti vel ígrundaða og rökstudda skoðun á viðfangsefni áfangans,
- ▶ vera fær um að beita þeim hugmyndum sem fjallað er um í námskeiðinu á eigin sköpunarferla og nota efni námskeiðsins til að setja listsköpun sína í samhengi.

Námsmat: Þátttaka í tímum, skrifleg verkefni.

Umsjónarkennari: Jóhannes Dagsson

Íslensk myndlist í samtíð

LIS1314Mv

4 ECTS – fræði

Vor – val fyrir annað og þriðja ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Fjallað verður um einstaka myndlistarmenn og mótandi öfl í íslensku myndlistarlífi á síðustu áratugum 20. aldar og í upphafi 21. aldar. Skoðuð verður þróun og sérkenni íslenskrar myndlistar á tímabilinu í ljósi íslenskra samfélagsaðstæðna og samhengis við erlenda listþróun. Hugað verður að afstöðu yngri kynslóðar myndlistarmanna til myndlistararfsins á hverjum tíma, m.a. með tilliti til „náttúruarf leifðar“ og „þjóðlegra“ birtingarmynda í íslenskri myndlist. Áhersla verður lögð á að skoða tengsl íslenskrar myndlistarþróunar við erlendar myndlistarstefnur – hvernig áhrif og nýjar listhugmyndir berast til landsins og hvernig „endurvinnsla“ þeirra er háttáð í íslensku samhengi. Fjallað verður um; breytingar á listmenntun, meginéinkenni í orðræðunni um myndlist, rekstur sýningarstaða, þátttöku í Feneyjatvíæringi og ýmis önnur tilvistarskilyrði íslenskrar samtímamyndlistar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu og skilning á eðli og sérkennum íslenskrar samtímalistar á síðustu áratugum 20. aldar og við upphaf 21. aldar, m.a. með tilliti til ólíkra listmiðla, hugmyndafræði yngri kynslóðar myndlistarmanna, afstöðu þeirra til listhefðarinnar og tengsla við erlenda samtímamyndlist,
- ▶ þekkja helstu listamenn og stefnur umrædds tímabils,
- ▶ geta greint meginstrauma og gerendur innan myndlistarsviðsins í íslensku samhengi,
- ▶ geta beit hugtökum listfræðinnar og fagurfræðinnar til að útskýra ólíkar listrænar nálganir,
- ▶ geta aflað sér heimilda á sjálfstæðan hátt og fjallað á greinandi og gagnrýninn hátt í rituðu og töluðu máli um efni námskeiðsins, dregið sjálfstæðar ályktanir og rökstutt skoðanir sínar með vísun í hugsun og verk fræði- og listamanna.

Námsmat: Hópverkefni, greinargerðir og ritgerðir

Umsjón: Hlynur Helgason

Íslensk myndlist 1870–1970

LIS0398Ms2

8 ECTS – fræði

Haust – skylda fyrir annað ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Viðfangsefni námskeiðsins er saga íslenskrar myndlistar frá 1870 til 1970. Fjallað er um upphaf íslenskrar nútímamyndlistar á tímum þjóðernissinnaðrar sjálfstæðisbaráttu 19. aldar og áhrif hennar á viðfangsefni fyrstu íslensku myndlistarmannanna. Lögð verður áhersla á að skoða samspil myndlistar og samfélags á tímabilinu, m.a. með tilliti til fámennis, einangrunar, möguleika listamanna á að af la sér menntunar og þess menningarhlutverks sem myndlistarmenn gegndu í sjálfstæðisbaráttunni. Skoðað verður hvernig breytingar á samfélagsháttum, kreppa, heimsstyrjaldir, neyslusamfélag, hefur áhrif á viðfangsefni og form myndlistar. Leitast verður við að meta sérkenni íslenskrar myndlistar á hverjum tíma í samhengi við erlendar myndlistarstefnur, m.a. hvernig nýjar listhugmyndir berast til landsins og „endurvinnslu“ þeirra í íslensku samhengi. Sérstaklega verður hugað að inntaki „þjóðlegrar“ listar á fjórða áratug 20. aldar og athugað hvernig táknmyndir þjóðernis verða til í myndlist. Umræða um þjóðlega (íslenska) list annars vegar og óþjóðlega (erlenda) list hins vegar setti mikinn svip á umræðu um list á fyrri hluta 20. aldar. Meðal viðfangsefna af listfélagslegum toga má nefna stuðning íslenskra stjórnvalda við myndlist og tilraunir þeirra til að hafa áhrif á myndlistarþróun í landinu, einnig verður fjallað um uppbyggingu innlendrar listmenntunar og áhrif sýningarhalds.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skýra yfirsýn yfir sögu myndlistar á Íslandi og þekkja helstu verk íslenskra myndlistarmanna á tímabilinu,
- ▶ kunna skil á helstu liststefnum og listhugtökum, eins og natúralisma, móðernisma, figúrasjón, abstraktlist, súrrealisma, geómetríu, popplista, framúrstaefnu og nýframúrstaefnu,
- ▶ skilja gildi myndlistar í þjóðfélagslegu samhengi,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna hugsun í hugmyndalegu og fagurfræðilegu tilliti,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega að afmörkuðum verkefnum,
- ▶ hafa tileinkað sér vandvirkni í öflun og meðferð heimilda og úrvinnslu gagna, sem geta verið
- ▶ textar ýmiss konar, myndir og fræðigreinar,
- ▶ vera færir um að nýta sér fræðileg hugtök og listfræðilegt sjónarhorn við úrlausn skriflegra verkefna og hafa tileinkað sér skýra framsetningu texta á vönduðu íslensku máli.

Námsmat: Skrifleg verkefni og próf

Umsjónarkennari: Aðalsteinn Ingólfsson

List og samfélagslegt rými

SAR2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta og annað ár

Lýsing

Í námskeiðinu er fengist við myndlist sem leitast við að tengja, endurspegla og virkja þætti og ferli innan samfélagslegs rýmis. Sjónum er sérstaklega beint að þanþoli listrýmisins og möguleikum þess við mismunandi aðstæður. Tengsl og togstreita milli sýningarrýmis og almennarrýmis könnuð. Margt konar vinnulag verður skoðað: Kortlagning, rannsóknarvinna, skrásetning og inngríp eru á meðal aðferða sem unnið er með. Fjallað er um listamenn og hreyfingar sem hafa þróað ólík form samfélagslega tengdrar myndlistar. Námskeiðinu er ætlað að hvetja nemendur til sjálfstæðrar og ögrandi myndhugsunar í rýmistengdu samhengi. Nemendur vinna að lausn margvíslegra verkefna undir leiðsögn kennara og skila fullunnu verki í lok námskeiðisins í formi sýningar, viðburðar eða með því móti sem best hentar.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á staðbundinni myndlist í rýmistengdu samhengi, félagslega tengdri myndlist og virkni listaverksins í almenningsrými,
- ▶ hafa tæknilega kunnáttu og skilning á mikilvægi handverks,
- ▶ sýna færni í að þróa eigin hugmyndavinnu og setja fram í listsköpun sinni,
- ▶ hafa eftl gagnrýna vitund og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

Leiðir og úrvinnsla

LÚR1010M1

10 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Á þessu fyrsta verklega námskeiði við myndlistardeild er öllum nemendum á fyrsta ári kennt saman. Námskeiðið skiptist í tvennt en heildarmarkmið er að þjálfá gagnrýna og skapandi hugsun og efla sjálfstæð vinnubrögð er leggja grunn að áframhaldandi námi við skólann. Í fyrri hluta er athygli beint að skólaumhverfinu, náminu, samnemendum og kennurum. Nemendur koma sér upp vinnuádstöðu og hópurinn er hristur saman á ýmsan hátt. Nemendur kynna sig hver fyrir öðrum og greina frá áhuga sínum á myndlist. Því næst er lögð áhersla á skissugerð og hugmyndavinnu. Kynntar eru margvíslegar aðferðir við að auka og þroska myndmál og hugmyndaforða. Skoðaðar eru sýningar og sýningarstaðir. Í seinni hluta námskeiðsins velja nemendur sjálfir viðfangsefni og aðferðir þar sem þeir vinna úr skissum sínum og hugmyndasarpi. Áhersla er lögð á að þeir skipuleggi vinnu sína með gerð verkáætlunar, stundi sjálfstæð og öguð vinnubrögð og fái persónulega ráðgjöf við framkvæmd og úrlausn verkefna. Í lok námskeiðsins kynna nemendur verk sín og þá fer fram opin umræða og gagnrýni á framvindu og úrlausn einstakra verkefna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til undirstöðuatriða leitar- og upplýsingatækni,
- ▶ hafa tileinkað sér grundvallarfærni í gagnrýnni hugsun og geta tekið þátt í greinandi og gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra,
- ▶ geta unnið með öðrum að verkefnum,
- ▶ hafa þróað með sér hæfni til að vinna sjálfstætt úr viðfangsefnum,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir sínar á faglegum grunni,
- ▶ geta unnið skipulega, sett sér markmið, gert starfsáætlun/verkáætlun og fylgt henni,
- ▶ búa yfir grunnskilningi á eigin myndhugsun og listsköpunarferli.

Námsmat: Ástundun, þátttaka, verkefnaskil og verk til sameiginlegrar lokayfirferðar

Umsjón: NN

Málað út fyrir flötinn

MÁL2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta og annað ár

Lýsing

Í námskeiðinu eru kannaðir möguleikar málverksins í tengslum við rýmið. Stigið er út fyrir hinn skilgreinda og afmarkaða flöt og samspil fleiri þátta skoðuð, s.s. virkni myndverka í rými og skynjun áhorfandans. Hugað er að ýmsum þáttum sjónrænnar skynjunar s.s. lit, birtu, jaðarsvæðum, rými, efni og áferð. Þessir þættir miða að því að efla skilning nemenda á leiðum til að koma inntaki og markmiðum sínum til skila, skerpa athygli sína og eigin skynjun. Haldnar eru kynningar á verkum ýmissa listamanna auk þess sem nemendur þróa verk sín frá grunni í samtali við kennara. Í námskeiðinu er lögð áhersla á að nemendur geri tilraunir og þori að taka óvænta stefnu í vinnslu verka sinna, m.a. byggða á innsæi og endurskoðun. Vinnu nemenda lýkur með uppsetningu verks og virkjun tiltekins rýmis.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera sér meðvitaðir um virkni helstu grunnþátta sjónrænnar skynjunar,
- ▶ þekkja til sögulegs samhengis rýmistengds málverks,
- ▶ hafa öðlast færni í tæknilegum aðferðum við framsetningu myndverks í rými,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka,
- ▶ vera færir um að kynna og ræða eigin verk jafnt sem samnemenda sinna.

Námsmat: Ástundun, virkni, þróun eigin vinnuaðferða og lokaverk í formi rýmisinnsetningar.

Umsjón: NN

Málstofa lokaritgerðar til BA gráðu í myndlist

BAM2202Ms3

2 ECTS – fræði

Haust – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að búa nemendur undir sjálfstæða vinnu við ritun lokaritgerðar til bakkalárgráðu, styrkja fræðilegan grunn þeirra og auka færni þeirra til að greina og fjalla um eigin verk og listhugsun í fræðilegu samhengi. Áhersla er lögð á möguleg efnistöð og nálgun nemenda við ritgerðarskrifin en einnig er fjallað um vinnuaðferðir við ritgerðarsmíð, heimildaleit, heimildanotkun og vandaðan frágang fræðitexta.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta fjallað um myndlist á gagnrýninn og ábyrgan hátt,
- ▶ geta varpað ljósi á eigin skilning á listsköpunarstarfi sínu, inntaki þess og samhengi,
- ▶ geta gert grein fyrir listhugsun sinni með hliðsjón af nýjustu verkum og/eða áætluðu lokaverki, listrænum bakgrunni og/eða listsögulegu samhengi, hugmyndaheimi og/eða persónulegri sýn,
- ▶ geta beitt fræðilegum hugtökum í tengslum við greiningu á eigin listsköpun,
- ▶ kunna til verka hvað varðar vandaða framsetningu fræðiskrifa í ritgerðarformi,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð fyrir ritun lokaritgerðar til bakkalárgráðu.

Námsmat: Verkefni, greinargerð og erindi

Umsjónarkennari: NN

Málun

VMÁ1202MV1

2 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Námskeiðinu er ætlað að kynna fyrir nemendum grundvallar efna- og aðferðarfræði í málverki. Farið er yfir helstu grunnþætti undirbúningsvinnu í málverki og fjölbreytilegir möguleikar miðilsins kannaðir út frá forsendum ólíkra efna og aðferða. Litið er til birtingarmynda málverksins að fornu og nýju og skoðaðar jafnt hefðbundnar sem leitandi aðferðir er varða efnistöð og hugmyndavinnu. Áhersla er lögð á að efnisval feli í sér sjónræna merkingu og fjallað um framsetningu blekkingar í veruleika myndflatarins og bilið á milli þess sem er sýnilegt og þess sem er falið í tákmyndum veruleikans. Verkefni eru lögð fyrir nemendum reglulega, ásamt því sem haldnar eru kynningar á viðfangsefninu og farið í vettvangsferðir.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna fram á grunnþekkingu á fjölbreytilegum aðferðum sem málverkið hefur upp á að bjóða,
- ▶ kunna skil á helstu hefðbundnu málunaraðferðum og sögulegu samhengi þeirra,
- ▶ hafa tileinkað sér grunnfærni í tækni og aðferðum við undirbúning og vinnu í málverki,
- ▶ geta beitt þekkingu sinni á eignum og aðferðum í sjálfstæðri myndsköpun tvívíðra verka.

Námsmat: Ástundun, virkni í tímum og úrlausnir verkefna

Umsjónarkennari: NN

Málverk, teikning og túlkun

MTT2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta og annað ár

Lýsing

Í námskeiðinu eru ýmsir þættir skoðaðir sem við koma málverki, teikningu og öðru sem samkvæmt hefðinni er litið á sem tvívíða miðla. Lögð er áhersla á fjölbreytta nálgun og tilraunir með efnið og möguleika þess og reynt að gera því skil hvað felst í orðunum málverk og teikning. Skoðuð er hin fjölbreytta flóra hugtaka, aðferða og stefna innan miðlanna. Grunnáherslan er á vinnu með tvívíða tækni, en æskilegt er að nemendur noti sér aðra möguleika samhliða og prófi fleiri en eina vinnuaðferð. Vinnustofur listamanna eru heimsóttar og/eða farið á sýningar, og gestir fengnir í umræður og viðtöl. Námskeiðinu lýkur með sýningu og umræðum um verkin sem unnin hafa verið.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til sögulegs samhengis tvívíðra miðla,
- ▶ hafa skilning á eigindum og virkni tvívíðra miðla í samtímanum,
- ▶ hafa eftir færni í handverki og tækni við gerð tvívíðra verka,
- ▶ geta fundið hugmyndum sínum viðeigandi form í sjálfstæðri listsköpun,
- ▶ hafa eftir gagnrýna hugsun og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

Móðernismi í myndlist

MOD1018MFS

8 ECTS – fræði

Haust – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um helstu strauma og stefnur í alþjóðlegri myndlist á tímabilinu frá því um miðbik 19. aldar til sjöunda áratugar 20. aldar. Leitast er við að varpa ljósi á myndlist tímabilsins með því að skoða og greina fjölda ólíkra listaverka um leið og hugað er að þeim menningar-, heimspeki- og sögulegu forsendum er lágu þeim til grundvallar. Kynntar eru jafnt hefðbundnar sem nýjar leiðir til skilnings á list móðernismans, ásamt því að reifa nokkrar af þeim meginhugmyndum og kenningum sem markað hafa fræðilega umræðu um myndlist á 20. öld. Sérstaklega er þó staldrað við verk og skrif þeirra listamanna er umbreyttu viðteknum listhugmyndum tímabilsins með nýstárlegri hugsun sinni og nálgun í listsköpun og vörðuðu þannig leiðina til þeirrar myndlistar sem við þekkjum í okkar samtíma.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast þekkingu og hugmyndasögulegan skilning á móðernisma í alþjóðlegu samhengi,
- ▶ kunna góð skil á sérkennum helstu listhreyfinga tímabilsins á Vesturlöndum og geta greint á milli þeirra á hugmyndalegum og sjónrænum forsendum,
- ▶ geta beitt helstu listhugtökum tímabilsins af öryggi,
- ▶ geta metið og fjallað um afstöðu listamanna út frá þeirra eigin verkum, forsendum og hugmyndum við listsköpun,
- ▶ geta borið verk listamanna saman við hugmyndir og kenningar fræðimanna,
- ▶ geta sett eigin viðfangsefni í listsköpun í gagnrýnið samhengi við móðernisma í myndlist,
- ▶ geta aflað sér heimilda á sjálfstæðan hátt og beitt þekkingu sinni og skilningi við úrlausn skriflegra verkefna.

Námsmat: Skrifleg verkefni og heimapróf

Umsjón: NN

Mótun

MÓT11232MV

2 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Á námskeiðinu eru kynntir ýmsir möguleikar við gerð mótaðra myndverka. Kennd verða nokkur undirstöðuatriði í mótun, ásamt því að litið verður til mismunandi efna og aðferða við afsteypu og gerð þrívíðra myndverka. Nemendur vinna margs konar verkefni undir leiðsögn kennara, ásamt því að haldnar verða kynningar og umræður um málefnið.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér grunnfærni í tækni og aðferðum þrívíðrar mótunar og geta beitt henni við gerð verka,
- ▶ þekkja þá möguleika sem mótagerð hefur upp á bjóða til myndsköpunar,
- ▶ geta umgengist viðeigandi verkfæri og tækjabúnað með ábyrgum hætti.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjón: Ragnhildur Stefánsdóttir

Myrakraherbergi

MFR2002MV

2 ECTS – vinnustofa

Kennt á ensku

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Námskeiðið er framhald af grunnnámskeiði í ljósmyndun sem kennt er á haustmisseri 1. árs. Á námskeiðinu er farið dýpra í sérhæfð atriði sem tengjast filmuljósmyndun og framköllun í myrakraherbergi sem og skönnun og prentun stafræns myndefnis, s.s. réttur lýsingartími við stækkun og yfirfærslu myndar af filmu á pappír, bæði í svart/hvítu og lit, bleikjun og tónun mynda.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa færni í sérhæfðum tækni- og vinnuaðferðum sem beitt er við filmuljósmyndun og framköllun í myrakraherbergi sem og prentun og skönnun stafræns myndefnis,

- ▶ geta umgengist og notað tækjabúnað sem tengist filmuljósmyndun, framköllun í myrkrherbergi, skönnun og prentun,
- ▶ geta tengt saman tæknilega færni í filmuljósmyndun og möguleika myrkrherbergisins við útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

Möppugerð og myndvinnsla

MGM1132Ms1

2 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu læra nemendur undirstöðuatriði í notkun forritanna „Photoshop“, „InDesign“ og „Bridge“. Farið er í þá þætti sem skipta máli við myndvinnslu, hönnun og frágang efnis í ferilmöppur, bæði í prenthæfu og stafrænu formi. Nemendur læra helstu atriði varðandi skrásetningu upplýsinga auk geymslu og flokkunar mynda og annars efnis. Auk þess er fjallað um algengar hindranir sem nemendur geta staðið frammi fyrir þegar þeir ætla að koma verkum sínum á prent eða til sendingar í tölvupósti eða á vef. Meðal annars er skoðaður munur sem þarf að vera á pdf-skjölum og myndum eftir miðlunarformi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ kunna skil á helstu tækniatriðum við rafræna mynda- og skjalavinnslu,
- ▶ hafa tæknilega kunnáttu í skráningaraðferðum sem nýtast við upplýsingamiðlun,
- ▶ geta nýtt sér tæknilega grunnþekkingu til að setja eigin texta og myndefni fram á sjálfstæðan hátt í ferilmöppu,
- ▶ hafa færni í greiningu og mati á vægi einstakra þátta við skráningu heimilda og kynningu eigin verka,
- ▶ kunna skil á grunnaðferðum við gerð ferilmöppu, annars vegar í stafrænu formi og hins vegar í prenthæfu formi.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjón: NN

Rými

RÝM9018Mv2

18 ECTS – vinnustofa

Haust – bundið val fyrir annað ár

Lýsing

Námskeiðið skiptist í fjóra meginþætti þar sem unnið er að gerð rýmistengdra myndverka og nemendur tileinka sér ólíkar nálgunarleiðir. Skoðuð er þróun höggmyndarinnar í sögulegu samhengi og unnið að mótun hlutar og samhengi hans við rýmið rannsakað. Unnið er með leirmótun og fjallað um helstu aðferðir við mótagerð úr gífsi og nútíma steypuefni. Nemendur vinna sjálfstætt að eigin hugmyndavinnu, undir leiðsögn kennara og gesta. Tekin er fyrir aðferðafræði teikningarinnar sem verkfæris til að þróa hugmyndir. Nemendur vinna verk í tengslum við borgarrýmið. Farið er yfir helstu hugmyndir sem tengjast almannarými og gerðar tilraunir með virkjun félagslegra athafna. Kortlagning, skrásetning og inngrip eru meðal aðferða sem unnið er með. Fjallað er um listamenn og listhreyfingar sem þróað hafa ólík form samfélagslega tengdrar myndlistar. Síðasta tímabil námskeiðsins er tileinkað innsetningu í rými. Nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara í miðla að eigin vali, í rýmum skólans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér færni í grunnaðferðum, handverki og tækni við gerð þrívíðra verka,
- ▶ skilja helstu grunnþætti og virkni miðilsins í samtímanum,
- ▶ þekkja fjölbreytilega möguleika myndverka í rými,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, vinnuferli, þátttaka og verkefnaskil auk verks til sameiginlegrar lokayfirferðar

Umsjónarkennari: NN

Kennarar: NN

Samræður

SAM123Ms

2 ECTS – vinnustofa

Haust og vor – skylda fyrir öll ár

Lýsing

Nemendur myndlistardeildar taka þátt í Samræðum með prófessorum sínum með reglubundnum hætti allan námstímann. Nemendur koma ýmist saman í árgangshópum umsjónarnemenda viðkomandi prófessors eða með öllum nemendum deildarinnar. Samræður eru vettvangur fyrir faglega gagnrýni og umræður milli nemenda og umsjónarprófessors þeirra. Verk nemenda eru í brennidepli og halda þeir reglulega kynningar á þeim auk þess sem gengist er fyrir umræðum og fyrirlestrum um myndlist í víðu samhengi. Farnar eru vettvangsferðir á söfn og sýningar í borginni og nemendum kynnt hvernig standa skuli að gerð ferilmöppu. Við lok hverrar annar skila nemendur ferilmöppu og greinargerð til viðkomandi prófessors. Við lok námsins skila nemendur inn fullkláraðri möppu til varðveislu á bókasafni deildarinnar. Mappan skal innihalda skrásetningu á 10-15 verkum (ljósmyndir og texta) sem endurspeglu vinnu nemenda á námsferlinum. Mappan er metin sérstaklega af prófessorum deildarinnar og fá nemendur á lokaönn eina aukaeiningu fyrir þessi lokaskil.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sýnt fram á þekkingu á undirstöðuatriðum leitar- og upplýsingatækni,
- ▶ geta tekið virkan þátt í umræðum og rökstutt skoðanir sínar og ákvarðanir á faglegum grunni,
- ▶ hafa öðlast þjálfun í að beita gagnrýnum aðferðum við greiningu viðfangsefna,
- ▶ sýna fram á síaukna færni við framsetningu efnis um eigin verk í ferilmöppu eftir því sem á námstíma líður,
- ▶ geta sýnt fram á síaukna þekkingu og skilning á viðfangsefnum myndlistar auk leikni og færni í aðferðum og verklagi greinarinnar eftir því sem á námstíma líður.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka í umræðum, skil á ferilmöppu og greinargerð við lok hvers misseris

Umsjónarkennarar: Hekla Dögg Jónsdóttir, NN

Samtal

SAMT002S

2 ECTS – vinnustofa

Vor – skylda fyrir annað ár

Samkennt með öðrum deildum

Lýsing

Sameiginlegt námskeið allra deilda Listaháskóla Íslands þar sem nemendur starfa í blönduðum hópum innan sama ramma. Á tímabilinu vinna hóparnir að samsetningu verka eða uppákoma þar sem samþætting ólíkra hugmynda og aðferða er höfð að leiðarljósi. Fram fara umræður og haldnir eru fyrirlestrar sem tengjast námsefninu og leiðbeinendur leggja línurnar við úrvinnslu og framsetningu verkefna. Leitast er við að kanna hverjir möguleikar hinna mismunandi listgreina eru þegar samtal verður á milli þeirra út frá einu sameiginlegu þema/verkefni.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ vera sér meðvitandi um snertifleti á milli ólíkra listforma og geta nýtt sér hana með skapandi hætti,
- ▶ geta miðlað af eigin þekkingu og reynslu til samstarfsfólks úr öðrum greinum,
- ▶ kunna að beita viðeigandi aðferðum í samsköpunarferli,
- ▶ hafa þróað með sér víðsýni í vinnu og samstarfi,
- ▶ hafa öðlast færni til þess að nýta sér sameiginlega reynslu nemenda við listrænar útfærslur.

Námsmat: Símat, verkefni

Umsjón: Hönnunar- og arkitektúrdeild

Sjálfsmyndir, kyngervi og samfélag

SKS2004MV

4 ECTS – fræði

Haust – val fyrir annað og þriðja ár

Kennt í HÍ

Lýsing

Sjálfsmyndir myndlistarmanna er fjölbreytt flóra myndverka þar sem listamaðurinn nýtir eigin líkama sem viðfangsefni. Gerð slíkra mynda hefur verið samofin nútímalistum allt frá endurreisn til samtíma. Í þeim birtist fjölþætt afstaða listamanna til viðfangsefnis síns, hvort sem um er að ræða sálræna sjálfsskoðun, tjáningu á stöðu innan samfélagsins, táknsögur um mikilvægi myndlistar, eða gagnrýna afstöðu til viðburða líðandi stundar. Í námskeiðinu verða sjálfsmyndir innlendra jafnt sem erlendra listamanna frá ólíkum tímabilum rannsakaðar með tilliti til þessara þátta. Hér er víkjandi meiður myndlistar notaður til að varpa ljósi á víðara samhengi listar í heild.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast sérhæfða þekkingu og skilning á samhengi sjálfsmynda listamanna með tilliti til kyngervis og samfélags,
- ▶ hafa öðlast leikni í að fjalla um og greina markvisst sjálfsmyndir listamanna út frá sálrænum, listfræðilegum og samfélagslegum forsendum,
- ▶ geti hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að túlka einstaklingsbundnar og samfélagslegar forsendur sjálfsmynda listamanna á fræðilegan hátt.

Námsmat: Skrifleg verkefni, hópverkefni, ritgerðir og erindi

Umsjón: Hlynur Helgasson

Sjálfstæð vinna I

SVI1145Mv2

6 ECTS – vinnustofa

Kennt á íslensku og ensku

Vor – val fyrir annað ár

Lýsing

Námskeiðið er fyrir nemendur á öðru ári sem vilja vinna sjálfstætt. Nemendur sækja sérstaklega um sjálfstæða vinnu með því að skila inn verkáætlun fyrir auglýstan dag til umsjónarprófessors síns. Í verkáætlun útskýrir nemandinn hvernig hann hyggst vinna á tímabilinu með því að setja fram upplýsingar um viðfangsefni, markmið og grófa tímaáætlun. Námskeiðið byggist síðan á sjálfsmiðaðri vinnu nemandans með reglulegum fundum með leiðbeinendum og aðgengi að verkstæðum. Námskeiðinu lýkur með sameiginlegri yfirferð allra nemenda í sjálfstæðri vinnu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta sett fram verkáætlun og fylgt henni eftir með ábyrgum hætti,
- ▶ hafa tileinkað sér færni við að þróa hugmyndavinnu sína sjálfstætt, útfæra verk og setja fram á
- ▶ eigin listrænu forsendum,
- ▶ hafa eft gagnrýna vitund, geta kynnt verk sín og tekið þátt í umræðum um þau og nýtt sér gagnrýni til skapandi vinnu,
- ▶ sýna fram á aukinn skilning á sjálfstæðu vinnuferli myndlistarmannsins.

Námsmat: Ástundun, eftirfylgni við eigin verkáætlun og fullunnið verk

Umsjónarkennarar: Hekla Dögg Jónsdóttir, NN

Sjónarhorn kynjafræða í myndlist

MM-F0204MS

4 ECTS – fræði

Kennt á ensku

Haupt – skylda fyrir MA, einnig í boði fyrir þriðja ár BA

Samkennt með HÍ

Lýsing

Í námskeiðinu eru myndlistarverk skoðuð í kynlegu ljósi og fjallað um kenningalegan grundvöll kynjafræða og þverfaglegt inntak þeirra. Leitast er við að greina hvernig hugmyndir um kyngervi (e. gender) hafa áhrif á listsköpun jafnt sem umræðu og skrif um myndlist. Birtingarform og merking kyngervis í tungumáli, samfélagi og menningu eru einnig greind með áherslu á staðalmyndir og/eða uppbrot þeirra í afstöðu og verkum listamanna. Stuðst er við hugmyndir femínista og hinsegin fræða til að afhjúpa áhrif kyngervis í verkum sumra listamanna sem hliðra staðalmyndum kven- og karlleika og skapa usla í ríkjandi orðræðu og kynjakerfi Vesturlanda. Einnig er fjallað um listheiminn út frá kynjafræðilegu sjónarhorni og kynntar rannsóknir á margbreytilegum birtingarmyndum kynjamisréttis í samtímanum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta greint birtingarform og merkingu kyngervis í myndlist út frá forsendum og hugtökum kynjafræðinnar,
- ▶ hafa á markvissan hátt öðlast skilning á nokkrum nýlegum fræðikenningum og gagnrýnni umræðu á sviði myndlistar, list- og kynjafræða,
- ▶ geta sett eigin viðfangsefni í rannsóknum og listsköpun í faglegt, alþjóðlegt samhengi og metið sjálfstætt eigin verk með tilliti til nýjustu þekkingar á fagsviðunum,
- ▶ geta fundið og unnið með, í ræðu og riti, nýlegar rannsóknir í list- og kynjafræðum og beita þekkingu sinni og skilningi við eigin rannsóknir og listsköpun.

Námsmat: Þátttaka í umræðum, vinnudagbók, verk og greinargerð eða ritgerð.

Umsjónarkennari: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir

Sjónmenning samtímans

LIS1134Ms

4 ECTS – fræði

Vor – skylda fyrir annað ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Á námskeiðinu er fjallað um sjónmenningu samtímans út frá forsendum sjónmenningarfræða. Lögð er áhersla á að skoða sjónrænt umhverfi og samfélagslegan bakgrunn lista, óháð spurningum um fagurfræði og listræn gæði. Fjallað er um mikilvægi sjónrænna þátta í fjölda- og afþreyingarmenningu og um hið almenna og dæmigerða í ólíkum miðlum: Í hönnun, kvikmyndum, myndlist, auglýsingum, sjónrænni umgjörð popptónlistar og einnig í borgarumhverfi.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja forsendur og aðferðir sjónmenningarfræða,
- ▶ geta greint áhersluþætti í sjónrænni menningu samtímans,
- ▶ geta greint kvikmyndir sem áhrifaþátt í alþýðumenningu,
- ▶ geta greint myndlist sem áhrifaþátt í alþýðumenningu,
- ▶ geta greint sjónræn áhrif stílsköpunar, hönnunar og auglýsinga,
- ▶ geta greint borgarumhverfið og áhrif þess á skynjun almennings,
- ▶ geta greint sjónræn áhrif fjöldaframleiðslu og tölvuímýnda á fólk,
- ▶ geta fjallað á gagnrýnninn hátt um sjónmenningu samtímans í rituðu og töluðu máli,
- ▶ geta greint á milli menningarfræðilegrar og listfræðilegrar nálgunar á myndefni.

Námsmat: Ritgerðir, hópverkefni og ástundun

Umsjónarkennari: NN

Skapandi skrif

SSK0004Mv

4 ECTS – fræði

Haust – val fyrir þriðja ár

Lýsing

Markmið námskeiðsins er aukin gleði og öryggi við gerð texta af hvaða tagi sem er. Lítið er um eiginlega kennslu eða fyrirlestra en þeim mun meira af umræðum og gagnrýni/stuðningi frá hópnum. Í tímum er boðið upp á æfingar sem hreyfa við hugsun og geta nýst sem kveikjur að skrifum en þess utan er ætlast til að hver og einn gefi sér klukkustund á dag til að vinna að texta, hvort sem um er að ræða skáldsögu, smá- eða örsögur, kvikmyndahandrit, æviminnningar, ljóð eða einhverja blöndu af þessu. Þátttakendur þurfa að vera tilbúnir að deila verkum sínum með hinum og vera með í þeim umræðum sem skapast. Í lok námskeiðs er þess vænst að nemendur skili handriti, einu verki eða nokkrum smærri.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast aukið öryggi og aukna leikni í textagerð,
- ▶ skilja möguleika textans í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ búa yfir hæfni til að rökræða bæði eigin skrif og annarra þátttakenda með greinandi hætti.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjón: Guðrún Eva Mínervudóttir

Skrif listamanna

SKL1002MFV

2 ECTS – fræði

Kennt á ensku

Haust – val fyrir öll ár

Lýsing

Í námskeiðinu er fjallað um skrif listamanna sem varpa ljósi á hugmyndir þeirra um eigin listsköpun og annarra, jafnt sem um listastofnanir, sögu og fagurfræði listarinnar. Lesnir eru textar eftir listamenn frá ýmsum tímum og af margvíslegu tagi; s.s. yfirlýsingar, greinarskrif, sjálfsævisögur, gagnrýni, skáldskap og ljóðlist.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa yfirsýn yfir fjölbreytileg skrif listamanna,
- ▶ geta greint og túlkað skrif listamanna,
- ▶ geta sett skrif listamanna í samhengi við verk þeirra og annarra, tíma og samfélag,
- ▶ geta aflað sér heimilda og unnið með þær á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt í tengslum við efni námskeiðisins.

Námsmat: Skrif eg verkefni

Umsjón: Birgir Snæbjörn Birgisson

Kennarar: NN

Snertifletir vísinda og myndlistar

SVM0112MV

4 ECTS – fræði

Haust – val fyrir öll ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Snertifletir vísinda og lista hafa verið margir í aldanna rás og tekið á sig ólíkar birtingarmyndir, allt frá Forn-Grikkjum og endurreisn til nútímalistar 21. aldar. Starfi og verkum vísinda- og listamanna hefur oft verið stillt upp sem andstæðum þótt hvort tveggja feli í sér skapandi starf og tilraunir til að skilja heiminn. Í námskeiðinu verða þessir snertifletir greindir í gegnum verk, hugmyndir og kenningar vísindamanna jafnt sem listamanna. Sérstökum sjónum verður þó beint að samtímamyndlistarmönnum sem beita aðferðum og þekkingu raunvísinda í verkum sínum. Spurningum verður einnig varpað fram um gildi fagurfræðilegrar úrvinnslu listamanna á vísindalegri þekkingu og samstarfs vísinda- og listamanna sem farið hefur ört vaxandi á undanförunum áratug.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja til helstu hugmynda sem liggja á mörkum lista og vísinda,
- ▶ geta fjallað um listir og vísindi út frá verkum myndlistarmanna,
- ▶ skilja gagnrýnið hlutverk lista og vísinda í samfélögum,
- ▶ geta aflað sér heimilda og unnið úr þeim á sjálfstæðan hátt í tengslum við efni námskeiðsins, og rökstutt skoðanir sínar með vísun í hugsun og verk vísinda- og listamanna.

Námsmat: Verkefni, umræður og ritgerð

Umsjón: Jóhannes Dagsson

Sýningagerð og sýningastjórnun

SGS2004MV

4 ECTS – fræði

Kennt á ensku

Vor – val fyrir annað og þriðja ár

Samkennt með HÍ

Lýsing

Í námskeiðinu verður farið yfir sögulegt ágríp sýningagerðar og sýningastjórnunar og fjallað um mismunandi vettvanga myndlistarsýninga í samtímanum. Litið verður á flesta þá þætti er lúta að sýningastjórn með sérstökum áherslum á greiningu samstarfs sýningastjóra og myndlistarmanna. Rannsóknarvinna og framkvæmdaþættir við sýningagerð verða í fyrir-rúmi og munu nemendur vinna að gerð opinberra sýninga, m.a. með upplýsingaleit, hug-myndavinnu, vali á verkum, skrifum, gerð sýningarskrár, uppsetningu og kynningu á við-burði, o.fl. Athuga þarf að hámarksfjöldi í námskeiðinu eru 20 nemendur, (10 nemendur úr myndlistardeild og 10 listfræðinemendur frá HÍ á 2. ári. Þ.e. skilyrði er að hafa lokið að lágmarki 60 einingum í listfræði).

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja sögu myndlistarsýninga,
- ▶ hafa þekkingu og skilning á forsendum myndlistarsýninga í samtímanum og vettvangi þeirra innanlands og erlendis,
- ▶ hafa öðlast yfirsýn yfir helstu þætti sýningagerðar og sýningastjórnunar,
- ▶ geta stundað þá upplýsingaleit og rannsóknarvinnu sem vandaður sýningarundirbúningur krefst,
- ▶ geta sett upp mismunandi gerðir af myndlistarsýningum,
- ▶ geta rætt og skrifað um myndlistarsýningar á greinandi og gagnrýninn hátt,
- ▶ hafa öðlast hæfni í samstarfi sýningastjóra og myndlistarmanna.

Námsmat: Verkefni, samræður og sýningagerð

Umsjón: NN

Tilgátuflötur

TFF1002Mv2

2 ECTS – fræði

Haust – bundið val fyrir annað ár

Lýsing

Tilgátuflötur er fræðinámskeið sem fléttast inn í námskeiðið Flötur – vinnustofa þar sem áhersla er lögð á samþættingu listsköpunar og fræðirannsóknna á tvívíðum myndverkum í sem víðustum skilningi. Fjallað er um helstu kenningar og fræðileg álitamál um tvívíða miðla sem komið hafa fram á síðustu áratugum þótt megináhersla sé lögð á sjálfstæða þekkingar- og skilningsleit nemenda, tilgátur og nánari fræðilega úrvinnslu í umræðum, skrifum og listsköpun

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og skilja helstu kenningar og fræðileg álitamál um tvívíða miðla á síðustu áratugum,
- ▶ hafa öðlast þjálfun í að samþætta fræði-, rannsóknir og listsköpun,
- ▶ hafa öðlast færni í að fjalla á gagnrýninn hátt um tvívíða miðla í fræðilegu samhengi,
- ▶ geta aflað sér fræðiheimilda í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ hafa öðlast leikni í að setja fram tilgátu um eigin listsköpun.

Námsmat: Erindi, verk og greinargerð

Umsjón: NN

Tilgáturými

TRR1002Mv2

2 ECTS – fræði

Haust – skylda fyrir annað ár

Lýsing

Tilgáturými er fræðinámskeið sem fléttast inn í námskeiðið Rými – vinnustofa þar sem áhersla er lögð á samþættingu listsköpunar og fræði- á rýmistengdum myndverkum. Fjallað er um helstu kenningar og fræðileg álitamál um rýmis- og samfélagstengd myndverk sem komið hafa fram á síðustu áratugum þótt megináhersla sé lögð á sjálfstæða þekkingar- og skilningsleit nemenda, tilgátur og nánari fræðilega úrvinnslu í umræðum, skrifum og listsköpun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og skilja helstu kenningar og fræðileg álitamál um rýmistengd myndverk á síðustu áratugum,
- ▶ hafa öðlast þjálfun í að samþætta fræði, rannsóknir og listsköpun,
- ▶ hafa öðlast færni í að fjalla á gagnrýninn hátt um rýmistengd myndverk í fræðilegu samhengi,
- ▶ geta aflað sér fræðiheimilda í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ hafa öðlast leikni í að setja fram tilgátu um eigin listsköpun.

Námsmat: Erindi, verk og greinargerð

Umsjónarkennarar: NN

Tilgátutími

TTT1002Mv2

2 ECTS – fræði

Haust – bundið val fyrir annað ár

Lýsing

Tilgátutími er fræðinámskeið sem fléttast inn í námskeiðið Tími – vinnustofa þar sem áhersla er lögð á samþættingu listsköpunar og fræði- innan þeirra greina myndlistar þar sem tími er grundvallarþáttur. Fjallað er um helstu kenningar og fræðileg álitamál sem hafa komið fram um tímatengda miðla á síðustu áratugum þótt megináhersla sé lögð á sjálfstæða þekkingar- og skilningsleit nemenda, tilgátur og nánari fræðilega úrvinnslu í umræðum, skrifum og listsköpun.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ þekkja og skilja helstu kenningar og fræðileg álitamál um tímatengda miðla á síðustu áratugum,
- ▶ hafa öðlast þjálfun í að samþætta fræði-, rannsóknir og listsköpun,
- ▶ hafa öðlast færni í að fjalla á gagnrýninn hátt um tímatengda miðla í fræðilegu samhengi,
- ▶ geta aflað sér fræðiheimilda í tengslum við eigin listsköpun,
- ▶ hafa öðlast leikni í að setja fram tilgátu um eigin listsköpun.

Námsmat: Erindi, verk og greinargerð

Umsjónarkennari: Hekla Dögg Jónsdóttir

Tími

TÍM9018Mv2

18 ECTS – vinnustofa

Haust – bundið val fyrir annað ár

Lýsing

Á námskeiðinu er unnið með þær greinar myndlistar þar sem tími er grundvallarþáttur, svo sem vídeóverk, hljóðverk, gjörninga, gagnvirk listaverk, kvikmyndaverk, ljósmyndun og innsetningar. Jöfn áhersla er lögð á gerð verka og skoðun og umræður um verk í sögulegu samhengi. Unnið er jafnhliða að hugmyndalegum og tæknilegum útfærslum. Nemendur eru aðstoðaðir við að tileinka sér þá aðferðafræði og tækni sem þarf til að fullgera tímatengd verk í þessum mismunandi miðlum. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og persónulega nálgun í hugsun og útfærslu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér færni í grunnaðferðum, verklagi og tækni á sviði tímatengdra miðla,
- ▶ skilja helstu grunnþætti og virkni miðilsins í samtímanum,
- ▶ þekkja fjölbreytilega möguleika tímatengdra miðla,
- ▶ hafa tileinkað sér gagnrýna og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka, verkefnaskil og verk til sameiginlegrar lokayfirferðar

Umsjónarkennari: Hekla Dögg Jónsdóttir

Tími og tungumál

TIT2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu er unnið með þær greinar myndlistar þar sem tími og „tungumál“ eru grundvallarþættir, svo sem gjörninga/framkomu, vídeóverk og ljósmyndun. Unnið er bæði með innra rými eða innviði verkanna og framkomu. Jöfn áhersla er lögð á framkvæmd verka, skoðun þeirra og umræður um þau í sögulegu og samtíma samhengi. Unnið er jafnhliða að hugmyndalegum og tæknilegum útfærslum. Nemendur eru aðstoðaðir við að tileinka sér þá aðferðafræði og tækni sem þarf til að fullgera tímatengd verk í þeim miðli sem þeir velja sér. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og persónulega afstöðu í hugsun og útfærslu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukna þekkingu, skilning og tæknilega kunnáttu á sviði tímatengdra miðla,
- ▶ hafa fundið hugmyndum sínum farveg með því að kanna mismunandi nálganir við gerð tímatengdra verka,
- ▶ hafa eftl gagnrýna vitund, áræðni og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka,
- ▶ vera meðvitaðir um þróun tímatengdra miðla og áhrif í samtímamyndlist,
- ▶ geta greint eigin verk með vísan til samtíma og sögulegs samhengis tímatengdra miðla,
- ▶ vera færir um að ræða verk sín og samnemenda sinna á greinandi og faglegan hátt.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

Tækninámskeið

TKN1016MS

6 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu fá nemendur kynningu á verkstæðum Listaháskólans: ljósmyndaveri, vídeóveru smíðaverkstæði, prentverkstæði og mótunarverkstæði. Lögð er áhersla á að nemendur kynnist tækjabúnaði verkstæða og meðhöndlun verkfæra, ásamt grundvallarreglum er varða öryggismál og umgengni. Farið er yfir þá fjölbreyttu möguleika sem fyrir hendi eru til að nýta tækjagost verkstæðanna til listsköpunar. Með því að standast þær kröfur sem gerðar eru á námskeiðinu öðlast nemendur almennan aðgang að verkstæðum skólans.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa tileinkað sér grunnfærni í tækni og vinnuáðferðum á verkstæðum Listaháskólans. Ljósmyndaveri, vídeóveru smíðaverkstæði, prentverkstæði og mótunarverkstæði,
- ▶ sýna fram á grunn þekkingu á þeim möguleikum sem verkstæðin hafa uppá að bjóða sem miðlar til listsköpunar,
- ▶ geta umgengist viðeigandi tækjabúnað með ábyrgum hætti,
- ▶ geta tengt saman tæknilega færni og listræna sköpun við útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, verkefnaskil, skriflegt próf og sjálfstætt verk til lokayfirferðar

Umsjónarkennari: Jóhann L. Torfason

Kennarar: NN, Sigurður Guðjónsson og Ragnhildur Stefánsdóttir, NN

Undirbúningur og skissuvinna vídeóverka

VID1132Mv

2 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Hvernig undirbúa vídeólistamenn/kvikmyndagerðarmenn sig fyrir vídeóupptökur? Í námskeiðinu kynnst nemendur mismunandi leiðum til undirbúnings því að náð góðum tókum á vídeómiðlinum. Nemendur þróa áfram sjálfstæða hugmynd að vídeóverki sem í lok námskeiðsins á að vera tilbúið í framkvæmd og úrvinnslu. Nemendum gefst í gegnum þetta ferli kostur á að skilgreina og þróa hæfileika sína til sjálfstæðra vinnubragða við gerð vídeóverka.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa góða þekkingu og færni í undirbúnings- og skissuvinnu fyrir gerð vídeóverka,
- ▶ þekkja vel möguleika fjölmargra vinnuaðferða vídeómiðilsins til útfærslu verka,
- ▶ geta þróað eigin hugmynd og skilað inn fullbúinni grunnvinnu að vídeóverki til upptöku,
- ▶ geta útbúið og fylgt verkáætlun fyrir gerð vídeóverka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka í tímum og kynning á verkefni

Umsjónarkennari: NN

Uppgjör fyrsta árs

UPP1134Ms

4 ECTS – vinnustofa

Vor – skylda fyrir fyrsta ár

Lýsing

Á námskeiðinu vinna nemendur úr reynslu sinni af námi vetrarins. Þeir eru hvattir til ögrandi myndhugsunar sem styrkir þá við gerð eigin verka. Þeir velja sjálfir viðfangsefni og aðferðir. Áhersla er lögð á að þeir stundi sjálfstæð og öguð vinnubrögð og fái persónulega ráðgjöf við framkvæmd og úrlausn verkefna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ búa yfir grunnskilningi á eigin myndhugsun og listsköpunarferli,
- ▶ hafa hæfni til að vinna skipulega og sjálfstætt,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir sínar á faglegum grunni,
- ▶ geta sett sér markmið, gert verkáætlun og fylgt henni,
- ▶ geta tekið þátt í gagnrýnum umræðum um eigin verk og annarra.

Námsmat: Ástundun, vinnuferli, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

Útskriftarverkefni

BAM1016MS3

16 ECTS – vinnustofa

Vor – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Nemendur velja sér sjálfir viðfangsefni og þróa sem útskriftarverkefni sitt af BA námsbraut í myndlist. Nemendur vinna sjálfstætt að úrvinnslu verkefnisins og framsetningu þess en skrá sig reglulega í viðtöl og fá einkaleiðsögn hjá umsjónarprófessor sínum og öðrum leiðbeinendum (föstum kennurum deildarinnar, sérfræðingum á verkstæðum og utanaðkomandi myndlistarmönnum) meðan á vinnunni stendur. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og persónulegar úrlausnir nemendanna. Verkefnið er sett fram á samsýningu útskriftarnema BA námsbrautar að vori. Hluti af námskeiðinu er eftirfylgni með útskriftarsýningunni þar sem nemendur sitja yfir sýningunni og taka þátt í leiðsögnum.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ sýna fram á almennan skilning og innsæi í helstu kenningar og hugtök á sviði myndlistar, með sérstakri áherslu á samtímalegt samhengi fagsviðsins,
- ▶ búa yfir vitneskju um nýjustu þekkingu og aðferðir á sviði sérhæfingar sinnar innan myndlistar,
- ▶ geta notað viðeigandi tæknibúnað sem verk hans krefst,
- ▶ geta beitt gagnrýnum og greinandi aðferðum á viðfangsefni sitt,
- ▶ geta rökstutt ákvarðanir sínar á faglegum grunni myndlistar og verið meðvitaður um þær aðferðir sem hann beitir,
- ▶ geta miðlað upplýsingum um verk sitt og kynnt það með markvissum og skýrum hætti,
- ▶ hafa tileinkað sér sjálfstæða, gagnrýna vitund og frumleika í hugsun,
- ▶ hafa þróað með sér hæfni og sjálfstæð vinnubrögð í vinnslu og framsetningu eigin myndverka,
- ▶ geta unnið sjálfstætt og skipulega, sett sér markmið, gert verkætlan og fylgt þeim eftir,
- ▶ vera fær um virka þátttöku í samstarfi,
- ▶ hafa þróað með sér hæfni til frekara náms innan faggreinar myndlistar.

Námsmat: Vinnuferli, virkni, ástundun og útskriftarverkefni til sýningar í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Útskriftarverkefnið er metið til BA gráðu í myndlist af dómnefnd skipaðri utanaðkomandi prófdómara og prófessorum/fagstjórum deildarinnar.

Umsjónarkennarar: Hekla Dögg Jónsdóttir, NN

Kennarar: Ýmsir

Valnámskeið

2 ECTS – fræði

Vor – val fyrir annað og þriðja ár

Umsjón: NN

Videó sem listmiðill

VID2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta og annað ár

Lýsing

Í námskeiðinu er unnið með videó og hljóð sem listmiðil. Tengsl hljóðs, mynda, athafna og staða eru rannsökuð og skyldleiki við aðrar vinnuaðferðir og miðla svo sem ljósmyndun, gjörninga, málun og skúlptúr skoðaður. Fjallað er um helstu listamenn videómiðilsins og farið yfir sögu videólistar. Kennnd eru tækniatriði varðandi tókur og eftirvinnslu videóverka og eiga nemendur að geta unnið sjálfstætt með tókuvélina og klippiforrit (Final Cut Pro) þegar námskeiði lýkur. Kennslan byggist á samblandi fyrirlestra, samræðna og verkegrar vinnu. Nemendur leysa stutt verkefni á tímabilinu og vinna eigin videóverk sem kynnt eru í lok námskeiðisins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa aukið þekkingu sína og skilning á gerð videóverka,
- ▶ búa yfir tæknilegu sjálfstæði og hæfni til útfærslu eigin verka í miðil videósins,
- ▶ geta unnið sjálfstætt með tókuvélina og klippiforrit,
- ▶ geta greint eigin verk í miðli videós með vísan til samhengis þess við sögu og samtíma hreyfimynda í myndlist,
- ▶ vera færir um að ræða verk sín og samnemenda sinna með greinandi hætti og á faglegum grunni,
- ▶ vera meðvitaðir um þróun miðils videósins og virkni hans og áhrif í samtímamyndlist.

Námsmat: Ástundun, þátttaka, verkefnaskil og fullklárað verk til lokayfirferðar

Umsjónarkennari: NN

Vinnustofa 2 árs

VST2011MV

11 ECTS – vinnustofa

Vor – skylda fyrir annað ár

Lýsing

Í námskeiðinu vinna nemendur sjálfstætt að eigin myndsköpun þar sem áhersla er lögð á þróun hugmynda, úrvinnslu þeirra og framsetningu undir handleiðslu umsjónarkennara og gestalistamanna. Námskeiðið miðar að því að gera nemendur færari í að skoða eigin aðferðir og vinnuferli með gagnrýnum augum, efla færni í textaskrifum í tengslum við eigin myndlist og betur í stakk búna til að vinna sjálfstætt að eigin listsköpun og sýningarhaldi. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur til skoðanaskipta og gagnrýni, auk umræðna um stöðu myndlistar í samtímanum. Nemendur velja um styttri námskeið/fleyga samhliða því að starfa sjálfstætt að eigin listsköpun. Rík krafa er gerð um virka þátttöku nemenda í umræðum og greiningu á verkum samnemenda sinna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ geta gert grein fyrir sögulegum tengingum verka sinna,
- ▶ búa yfir gagnrýnni vitund um viðfangsefni sín og úrlausnarleiðir,
- ▶ sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og færni við þróun viðfangsefna sinna,
- ▶ geta beitt greinandi aðferðum, jafnt í útfærslu verka sem og í umræðum um verk samnemenda sinna,
- ▶ hafa öðlast öryggi og góða færni í miðlun hugmynda sinna og verka.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, vinnuferli, verkefnaskil

Umsjónarkennarar: NN

Kennarar: NN

Vinnustofur 3 árs – Sýningar

VPR-SO16 MV

6 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Megináhersla í námskeiðinu er framkvæmd sýninga. Námskeiðið er hluti af Vinnustofum prófessora. Í námskeiðinu vinna nemendur sjálfstætt að eigin listsköpun þar sem áhersla er lögð á þróun hugmynda, úrvinnslu þeirra og framsetningu undir handleiðslu prófessora og gestakennara. Mismunandi viðfangsefni eru hjá hverjum prófessor fyrir sig yfir önnina, en miða öll að því að gera nemendur færari í að skoða eigin aðferðir og vinnuferli með gagnrýnum augum, efla færni í textaskrifum í tengslum við eigin myndlist og vera betur í stakk búna til að vinna sjálfstætt að eigin listsköpun og sýningarhaldi. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur skoðanaskipta og gagnrýni, með umræðum um stöðu myndlistar í samtímanum. Ýmis verkefni eru lögð fyrir samhliða því að nemendur starfa sjálfstætt að eigin listsköpun. Rík krafa er gerð um virka þátttöku nemenda í umræðum og greiningu á verkum samnemenda sinna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast aukinn skilning á helstu kenningum og hugtökum samtímamyndlistar,
- ▶ geta gert grein fyrir sögulegum tengingum verka sinna,
- ▶ búa yfir gagnrýnni vitund um viðfangsefni sín og úrlausnarleiðir,
- ▶ sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og færni við þróun viðfangsefna sinna,
- ▶ geta beitt greinandi aðferðum, jafnt í útfærslu verka sem í umræðum um verk samnemenda sinna,
- ▶ hafa öðlast öryggi og góða færni í miðlun hugmynda sinna og verka,
- ▶ skilja áhrif rýmis og uppsetningar verka á upplifun þeirra.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, vinnuferli, verkefnaskil og verk til „einkasýningar“

Umsjónarkennarar: Hekla Dögg Jónsdóttir

Vinnustofur 3 árs – Texti

VPR-T16MV

6 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Megináhersla í námskeiðinu er texti í samhengi myndlistar. Námskeiðið er hluti af Vinnustofum prófessor. Í námskeiðinu vinna nemendur sjálfstætt að eigin listsköpun þar sem áhersla er lögð á þróun hugmynda, úrvinnslu þeirra og framsetningu undir handleiðslu prófessora og gestakennara. Mismunandi viðfangsefni eru hjá hverjum prófessor fyrir sig yfir önnina, en miða öll að því að gera nemendur færari í að skoða eigin aðferðir og vinnuferli með gagnrýnum augum, efla færni í textaskrifum í tengslum við eigin myndlist og vera betur í stakk búna til að vinna sjálfstætt að eigin listsköpun og sýningarhaldi. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur skoðanaskipta og gagnrýni, með umræðum um stöðu myndlistar í samtímanum. Ýmis verkefni eru lögð fyrir samhliða því að nemendur starfa sjálfstætt að eigin listsköpun. Í námskeiðinu vinna nemendur m.a. að textaskrifum tengt einkasýningu haustmissis og sýningarskrá útskriftarsýningar. Rík krafa er gerð um virka þátttöku nemenda í umræðum og greiningu á verkum samnemenda sinna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast aukinn skilning á helstu kenningum og hugtökum samtímamyndlistar,
- ▶ geta gert grein fyrir sögulegum tengingum verka sinna,
- ▶ búa yfir gagnrýnni vitund um viðfangsefni sín og úrlausnarleiðir,
- ▶ sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og færni við þróun viðfangsefna sinna,
- ▶ geta beitt greinandi aðferðum, jafnt í útfærslu verka sem í umræðum um verk samnemenda sinna,
- ▶ gera sér grein fyrir virku samspili myndrænnar framsetningar og textalegra upplýsinga,
- ▶ hafa öðlast öryggi og góða færni í miðlun hugmynda sinna og verka.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, vinnuferli, verkefnaskil og texti vegna „einkasýningar“
Umsjónarkennarar: NN

Vinnustofur 3 árs – Vinnuferli

VPR-V16MV

6 ECTS – vinnustofa

Haust – skylda fyrir þriðja ár

Lýsing

Megináhersla í námskeiðinu er greining á vinnuferli. Námskeiðið er hluti af Vinnustofum prófessora. Í námskeiðinu vinna nemendur sjálfstætt að eigin listsköpun þar sem áhersla er lögð á þróun hugmynda, úrvinnslu þeirra og framsetningu undir handleiðslu prófessora og gestakennara. Mismunandi viðfangsefni eru hjá hverjum prófessor fyrir sig yfir önnina, en miða öll að því að gera nemendur færari í að skoða eigin aðferðir og vinnuferli með gagnrýnum augum, efla færni í textaskrifum í tengslum við eigin myndlist og vera betur í stakk búna til að vinna sjálfstætt að eigin listsköpun og sýningarhaldi. Námskeiðið er hugsað sem vettvangur skoðanaskipta og gagnrýni, með umræðum um stöðu myndlistar í samtímanum. Ýmis verkefni eru lögð fyrir samhliða því að nemendur starfa sjálfstætt að eigin listsköpun. Rík krafa er gerð um virka þátttöku nemenda í umræðum og greiningu á verkum samnemenda sinna.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa öðlast aukinn skilning á helstu kenningum og hugtökum samtímamyndlistar,
- ▶ geta gert grein fyrir sögulegum tengingum verka sinna,
- ▶ búa yfir gagnrýnni vitund um viðfangsefni sín og úrlausnarleiðir,
- ▶ sýna fram á sjálfstæði í vinnubrögðum og færni við þróun viðfangsefna sinna,
- ▶ geta beitt greinandi aðferðum, jafnt í útfærslu verka sem í umræðum um verk samnemenda sinna,
- ▶ hafa öðlast öryggi og góða færni í miðlun hugmynda sinna og verka.

Námsmat: Ástundun, virk þátttaka, vinnuferli og verkefnaskil

Umsjónarkennarar: NN

Þrívíð miðlun

MIÐ2007MV

7 ECTS – vinnustofa

Vor – bundið val fyrir fyrsta ár

Lýsing

Í námskeiðinu eru skoðaðar margvíslegar leiðir í listrænni nálgun á þrívíðum miðlum með áherslu á hugmyndavinnu, úrvinnslu og framkvæmd í tengslum við rými og innsetningu. Sérstaklega er hugað að fjölþættri notkun á efnum, miðlum og vinnuferlum sem tengjast þeim. Ásamt því er varpað ljósi á margslungnar hugmyndir um staðsetningu, innsetningu og samhengi listrænna athafna. Nemendur vinna að lausn margvíslegra verkefna undir leiðsögn kennara sem einstaklingar og í hópi. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur þenji eigin mörk og skili fullunnu verki í lok námskeiðisins.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs eiga nemendur að:

- ▶ hafa skilning á virkni þrívíðra verka og staðsetningu þeirra í rými,
- ▶ þekkja tungumál handbragðs og efnis og búa yfir tæknilegri kunnáttu til að beita í vinnu sinni,
- ▶ hafa færni í þróun hugmyndavinnu og framsetningu á eigin listsköpun,
- ▶ hafa eft gagnrýna hugsun og sjálfstæða sýn í útfærslu eigin verka.

Námsmat: Ástundun, þátttaka og verkefnaskil

Umsjónarkennari: NN

MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR 2016–2017

Haustönn 2016:

22. ágúst	Kennsla hefst
28. október	Opið hús
31. október – 4. nóvember	Verkefnavika
9. desember	Síðasti kennsludagur
12. – 16. desember	Verkefna- og prófavika
21. desember – 4. janúar	Jólafrí (báðir dagar meðtaldir)

Vorönn 2017:

9. janúar	Kennsla hefst
27. febrúar – 3. mars	Verkefnavika
31. mars	Umsóknarfrestur í bakkalárnám og fyrir erlenda nemendur í meistaranám.
10. – 12. apríl	Kennsluhlé
13. – 18. apríl	Páskafrí (báðir dagar meðtaldir)
12. maí	Umsóknarfrestur fyrir meistaranám
12. – 18. maí	Verkefna- og prófavika
17. júní	Útskrift

Aðrir viðburðir:

September	Kennsluþing nemenda
Febrúar	Háskóladagurinn
Mars	Hönnunarmars Hugarflug

